

ÁRSSKÝRSLA HOFSTAÐASKÓLA



2012-2013



Hofsstaðaskóla 6. ágúst 2013

Efnisyfirlit

Inngangur	5
2. Hagnýtar upplýsingar	6
<i>Stjórnendur</i>	6
<i>Starfsmenn</i>	6
<i>Nemendur</i>	7
<i>Húsnæði</i>	10
<i>Skóladagatal</i>	14
<i>Skóladagur nemenda</i>	14
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	15
<i>Nemendafélag</i>	16
<i>Foreldrafélag Hofsstaðaskóla</i>	17
<i>Skólaráð</i>	19
3. Áherslur í skólastarfi	20
<i>Símenntun starfsmanna</i>	20
<i>Fagfundir grunnskólanna</i>	21
<i>Þróunarverkefni</i>	22
<i>Mat á skólastarfi - sjálfsmat</i>	22
<i>Umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla</i>	24
<i>Vettvangsferðir</i>	27
<i>Fjölgreindaleikar</i>	30
<i>Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku</i>	30
<i>Samræmd próf</i>	31
4. Ýmsar skýrslur	39
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i>	39
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i>	41
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i>	42
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i>	45
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i>	48
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i>	51
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i>	53
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	56
<i>Kennsla í erlendum tungumálum</i>	59
<i>Danska</i>	59
<i>Enska</i>	60
<i>Skýrsla Bókasafns Hofsstaðaskóla</i>	63
<i>Skýrslur kennara í list- og verkgreinum</i>	66
<i>List og verkgreinar 2012-2013</i>	66

Heimilisfræði	66
Myndmennt	68
Textílmennt	71
Smíði	73
Tónmennt	78
Tónmennt	78
Íþróttir	81
Sundkennsla	85
Skýrsla deildarstjóra sérkennslu	86
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	91
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni	96
5. Tómsundaheimili	102

INNANGUR

Markmið með útgáfu ársskýrslu grunnskólanna er að gera grein fyrir helstu atriðum í skólastarfinu skólaárið 2012-2013. Leitast er við að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur mætti fara með það að leiðarljósi að þróa og bæta starfið í Hofsstaðaskóla. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir verkinu. Ársskýrslan kemur nú út í 12. sinn.

Skýrslan skiptist í fimm kafla, hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu tómstundaheimilis. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur og starfsmenn fást við.

Skýrslan er send skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, skólanefnd Garðabæjar, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs og deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Kennarar hófu skólaárið með því að setjast á skólabekk 14. ágúst og fræðast um greinasvið nýrrar aðalnámskrár.

Skólasetning var miðvikudaginn 22. ágúst að viðstöddum nemendum og foreldrum þeirra. Ánægjulegt var að sjá hversu margir foreldrar og forráðamenn voru við skólasetningu með börnum sínum. Skólastarf hófst venju samkvæmt daginn eftir, eða 23. ágúst. Nemendur við skólann voru um 450 og starfsmenn um 60. Auk þess störfuðu 12 starfsmenn í hlutastarfi í tómstundaheimilinu Regnboganum.

Þar sem nemendum við skólann hefur fjölgað um 95 frá árinu 2005 er orðið brýnt að byggja við skólann. Bæjarstjórn samþykkti í apríl sl. að stækka skólann um 1110 fm. Áætlað er að byggingin verði tilbúin sumarið 2015. List- og verkgreinastofur verða færðar í nýbygginguna og stækka við það til muna. Stjórnunarálma og vinnuaðstaða starfsfólks stækkar einnig svo og kaffistofa. Bókasafnið verður flutt í núverandi stjórnunarálmu, þar sem vinnuaðstaða nemenda batnar mikið. Síðast en ekki síst þá bætast við fimm almennar kennslustofur og betra rými fyrir tónlistarkennslu á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar. Starfsmenn skólans eru að vonum ánægðir með þessa samþykkt og horfa bjartsýnum augum fram á veginn.

Skólaárið einkenndist af innleiðingu á nýrri aðalnámskrá sem á að vera komin að fullu í gildi árið 2015. Kennarar sátu á skólabekk og kynntu sér nýjar áherslur og tileinkuðu sér nýja hugsun og nálgun t.d. varðandi grunnþætti menntunar.

Heimasíða skólans er virk og lifandi og þar er að finna margar fréttir af skólastarfinu. Þar eru einnig fjölbreyttar upplýsingar um skipulag, nám og kennslu, stuðning við nemendur og hagnýtar upplýsingar. Fyrir þá sem vilja fræðast frekar um skólann er bent á að skoða: <http://www.hofstadaskoli.is/>

Hofsstaðaskóla í júní 2013
Margrét Harðardóttir skólastjóri

2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Stjórnendur

Skólastjóri: Margrét Harðardóttir

Aðstoðarskólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk): Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk): Krístrún Sigurðardóttir

Deildarstjóri sérkennslu: Margrét Einarsdóttir

Starfsmenn

Við skólann störfuðu alls 70 starfsmenn, 35 kennarar, 5 stjórnendur, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og umsjónarmaður tómstundaheimilis í 100% starfi. Námsráðgjafi í 100% starfi. Bókasafnsfræðingur í 75% starfi. Aðrir starfsmenn voru 28, nokkrir í hlutastarfi. Talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur starfa einnig í skólanum. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls starfa níu karlmenn við skólann. Tveir kennarar og tveir háskólanemar sinntu forfallakennslu í vetur. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofstadaskoli.is>.



Lífsglaðir starfsmenn á íþróttadegi

Leyfi - veikindaleyfi

Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari var í veikindaleyfi í janúar og febrúar. Harpa Björnsdóttir myndmenntakennari leysti hana af. Ólöf Harpa Gunnarsdóttir, sérkennari og Sigríður Kragh, stuðningsfulltrúi voru einnig í veikindaleyfi í janúar og fram í febrúar. Jytte Hjartarson, matráður var í leyfi vegna veikinda frá febrúar og fram í miðjan maí. Hana leysti af Cosimo Fucci Einarsson matsveinn. Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir var í veikindaleyfi í maí og síðan í fæðingarorlofi frá 12. júní. Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum í lok skólaárs: Björg Jónsdóttir, Björg Magnúsdóttir, Gunnhildur Grétarsdóttir, Ragnheiður Stephensen, Solveig Karlsdóttir og Sólveig Júlíana Guðmundsdóttir. Elva Björk Ágústsdóttir hætti 1. mars. Lilja Karlsdóttir fer í launalaust leyfi.

Nemendur

Á skólaárinu voru 453 nemendur í Hofsstaðaskóla, þar af voru 52 í 1. bekk. Nemendum hefur fjölgað um 98 frá árinu 2005. Í júní 2013 eru skráðir 460 nemendur í skólann næsta skólaár.

Fjöldi nemenda í Hofsstaðaskóla að hausti síðustu átta ár

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi nemenda	396	391	400	388	410	430	443	454




Nemendur á hlaupum

Hér fyrir neðan má sjá dreifingu nemendahópsins eftir búsetu. Flestir nemendur búa í hinu nýja Akralandi og aðrir dreifast nokkuð jafnt á það sem kalla má gamla skólahverfi Hofsstaðskóla. Fáir nemendur búa í næsta nágrenni annarra grunnskóla bæjarins.

Skipting nemenda eftir búsetu

Hverfi	Fjöldi	Hlutfall
Akrar	147	32%
Búðir	56	12%
Mýrar	56	12%
Bæjargil	55	12%
Hæðir	34	8%
Byggðir	32	7%
Móar	24	5%
Lundir	17	4%
Arnarnes	11	2%
Ásar og Sjáland	7	2%
Tún	4	1%
Holt	3	1%
Flatir	2	0%
Annað	6	1%
	454	100%



Fjöldi nemenda í bekk var frá 18 til 25 nemendur. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda í bekk og kynjaskiptingu þeirra. Drengir eru örlítið fjölmennari eða 234 á móti 220 stúlkum.

- 1. bekkur, 52 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 2. bekkur, 64 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 3. Bekkur, 59 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 4. bekkur, 71 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 5. bekkur, 68 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 6. bekkur, 71 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 7. bekkur, 68 nemendur í tveimur umsjónarhópum

Fjöldi drengja og stúlkna í bekkjardeild í Hofsstaðaskóla 2012-2013

Bekkur	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. BS	10	7	17
1. BST	11	8	19
1. IS	10	6	16
2. RJ	11	10	21
2.SP	11	11	22
2. PP	10	12	22
3. ÁS	10	9	19
3. GP	8	12	20
3. HK	10	10	20
4. ABR	15	8	23
4. ÁK	16	8	24
4. GG	16	8	24
5. AMH	11	12	23
5. GHS	10	11	21
5. HS	8	16	24
6. GP	10	13	23
6. HBS	11	13	24
6. ÓP	14	10	24
7. BÓ	12	11	23
7. SJG	11	14	25
7. ÖM	9	11	20
Samtals	234	220	454

Húsnæði

Auk skólabyggingarinnar er kennt í 5 *Hofum* eða lausum kennslustofum. Þrjú *Hofanna* voru bekkjarstofur 4. bekkinga, og í tveimur þeirra fer fram kennsla í náttúrufræði og ritþjálfun auk tónlistarkennslu á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar.

Í ágúst 2011 var tekin í notkun um 130 fm. tengibygging eða gangur sem tengir saman þrjár bekkjarstofur í Hofum. Með tilkomu hennar varð alger bylting í starfsaðstöðu nemenda og starfsmanna. Tekist hefur vel til með nýtingu og innréttingu og er húsnæðið í *Hofunum*, eða *Höllinni* eins og sumir kalla bygginguna eftir breytingar, bæði rúmt og vistlegt. Haustið 2013 verða gerðar smávægilegar breytingar á Höllinni svo hún rúmi starfsemi 1. bekkjar sem verður fjölmennari en hingað til hefur verið.

Öll rými sem mögulegt er að nýta í vinnu með nemendum eða sem aðstöðu starfsmanna eru nú í notkun enda kalla breyttir kennsluhættir á aukið og fjölbreyttara húsnæði. Gangar eru mikið notaðir t.d. í hópstarfi og þemavinnu.

Í skólanum eru almennar kennslustofur 21 og bekkjardeildir 21 í jafnmörgum kennslustofum. Frá haustinu 2012 hefur þurft að nýta sérkennslustofu sem bekkjarstofu þar sem bekkjardeildum fjölgaði um eina. Haustið 2013 fjölgar enn um eina bekkjardeild og krefst það enn betri nýtingar á húsnæðinu og útsjónarsemi í lausnum.



Nýi völlurinn mikið notaður

Endurbætur voru gerðar á helmingi körfuboltavallar nemenda. Lagt var sérstakt undirlag og settar upp nýjar körfur við hlið þeirra gömlu sem komnar eru til ára sinna. Völlurinn hefur vakið mikla lukku og er mikið nýttur af nemendum og bæjarbúum. Því miður hafa verið unnar skemmdir á vellinum með því að ekið hefur verið inn á hann og körfur hafa verið brotnar niður. Nú er búið að loka vellinum betur af svo ekki sé lengur hægt að aka inn á hann. Nemendur hafa tekið þessi spjöll mjög nærri sér og eiga erfitt með að átta sig á því hvað liggur að baki hjá þeim sem fremja slíkan verknað. Ljóst er að hér var um að ræða fullvaxna einstaklinga með ökuréttindi.

Hjólagrindur við skólann hefur verið fjölgað en duga samt ekki til enda fjölgar stöðugt þeim nemendum og starfsmönnum sem velja að hjóla í skólann. Búið er að nýta allt það pláss er

hentar fyrir hjólagrindur og því þarf að leita nýrra leiða. Starfsmenn hafa fengið aðstöðu í kjallara hússins til þess að geyma sín reiðhjól og eru þar jafnan mörg hjól.



Pókó er sívinsæll leikur

Ítrekað hefur verið bent á að auka þurfi fjármagn til viðhalds í skólanum. Á næsta ári verður búið að mála allar kennslustofur og er það búið að taka þrjú ár. Síðast liðið haust var hafist handa við að hreinsa upp bón og endurnýja á göngum og í nokkrum stofum. Áfram er unnið að því. Með fjölgun nemenda og starfsmanna mæðir enn meira á húsinu og því mjög brýnt að við því verði brugðist m.a. með auknu viðhaldi. Salerni nemenda þarf að endurbæta og loka á milli þeirra. Beðið er eftir kostnaðaráætlun vegna þess. Verkbeiðnakerfi umsjónarmanna fasteigna hefur verið vel nýtt en misjafnt hvort og hversu fljótt brugðist er við. Viðhald að utan er fyrir löngu orðið afar brýnt og vonandi verður brugðist við því samhliða frekari framkvæmdum við bygginguna.

Bæjarráð hefur ákveðið að byggja við skólann. Sú ákvörðun er tekin í kjölfar úttektar á stærð skólastofa og kennslurýmis, einkum í sérgreinastofum. Niðurstaða úttektarinnar er sú að sérgreinastofur eru undir viðmiðum allar nema tónmenntastofan. Bókasafn og upplýsingaver er einnig of lítið og aðstaða starfsmanna og stjórnunar er allt of lítil. Skólinn var á sínum tíma byggður fyrir um 300 nemendur og 30 starfsmenn og er því löngu farið að kreppa að. Viðbyggingin verður byggð norðan við húsið og tengd við tónmenntastofu og bókasafn. Núverandi bókasafn verður flutt í það rými sem nú hýsir kaffistofu starfsmanna og stjórnunarálmu. Viðbyggingin verður um 1100m² og í henni verða kennslustofur í heimilisfræði, textílmennt, myndmennt, náttúrufræði og smíði. Á efri hæð verður stjórnunarálma, skrifstofa, vinnuherbergi og kaffistofa starfsmanna. Kennarar í viðkomandi greinum hafa komið að þarfagreiningu og undirbúningi hönnunar frá byrjun og hafa m.a. farið í vettvangsferðir í aðra skóla til þess að fá hugmyndir og finna bestu lausnirnar. Áætlað er að hefja framkvæmdir vorið 2014 og að þeim ljúki í ágúst 2015.

Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildarstundafjölda hvers árgangs. Í kjölfarið fylgir yfirlit yfir þær greinar sem kenndar eru í s.k. hringekju og fremst í 4. kafla í skýrslum kennara í list og verkgreinum er yfirlit yfir það skipulag sjá bls. 69.

Skipting námsgreina skólaárið 2012-2013

Námsgrein / árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska skiptist í:	9	8	8	7,5	7,5	8	7
Markviss málörvun	*						
Málrækt		*	*	*	*	*	*
Stafsetning		*	*	*	*	*	*
Ljóð		*	*	*	*	*	*
Ritun	*	*	*	*	*	*	*
Bókmenntir				*	*	*	*
Skrift	*	*	*	*	*	*	*
Lestur	*	*	*	*	*	*	*
Framsögn		*	*	*	*	*	*
Lesskilningur	*	*	*	*	*	*	*
Hlustunarskilningur							
Sviðslist og tjáning	*	*	*	*	*	*	*
Stærðfræði	5,5	5,5	5,5	5	5	5	5
Samfélagsgreinar:	4	4	4	4	5	5,5	5
Náttúrugreinar:	3	3	3	3	3	4,5	4
Enska	1	1	1	1	3	3	3
Danska							3
Salur/samsöngur (Sjónlistir)	1	1	1	1	1	1	1
Ritþjálf				1	1	1	
Tölvufærni							
Hringekja	1	1	1	1	1,5		
Tölvur	1	1	1	1	1	1	1
List og verkgreinar***	3	4	4	4	4	4	4
Tónmennt	2	1	1	1	1		
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund****		1	1	1			
Samtals	32,5	32,5	32,5	32,5	35	35	35

*Stjórnumerkir reitir í **íslensku** skilgreina þá þætti sem kenna á. Ekki þarf að skrá á stundatöflu nemenda hvað verið er að kenna í íslenskutímum.

*** **Sund** er kennt á námskeiði í list og verkgreinaskipulaginu í öllum árgöngum. Auk þess fara nemendur í 2. 3. og 4. bekk í sund 1x1 tíma í lok skóladags og 5. bekkur 1x1 tíma þegar er hringekja. Sundtímar eru 40 mín. í 1. og 2. bekk, 50 mín í 3. og 4. bekk en 60 mín. í 5. - 7. bekk. Allir sundtímar í lok skóladags eru 40 mín.

Hringekja 2012-2013

Hringekja er skipulögð í flestum árgöngum. Þá er bekkjunum skipt upp í hópa, ýmist jafnmarga bekkjunum eða þá að bætt er við kennurum og hópum fjölgað. Þetta á einkum við í námsgreinum þar sem hentar betur að hafa fámenna hópa. Yfirlit yfir tímafjölda og greinar sem kenndar eru í hringekju fylgir hér á eftir:

1. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x40 mín 4 hópar	Tölvufærni - tölvustofa Eðlisvísindi – náttúrufræðihof Einingakubbar - gangur Bókasafn - bókasafni	Ingibjörg Arnheiður Bryndís St. Gréta Björg

2. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x40 mín í 4 hópum	Tölvufærni - tölvustofa Eðlisvísindi – náttúrufræðihof Tjáning – stofa 206 Bókasafn - bókasafni	Ragna Ragnheiður Hrönn Gréta Björg

3. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x40 mín í 4 hópum	Tölvufærni - tölvustofa Eðlisvísindi – náttúrufræðihof Ritþjálfari – Hof 5 Gagnvirkur lestur	Ágústa Ragnheiður Bryndís St. Hrönn

4. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x40 mín í 5 hópum	Enska – hof 2 Stærðfræðiþrautir – hof 3 Tjáning og hreyfing – hof1 Gagnvirkur lestur - stofa 206 Heimspeki – stofa 106	Björg Gunnhildur G. Anna Birna Ragna Ágústa

5. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x60 mín. 1x40 mín í sundi 5 hópar	Nýsköpun – smíðastofa Sund – sundlaug Tölvufærni – tölvuloft Eðlisvísindi – hof 5 Forritun - tölvustofa	Sædís Hreinn Hrafnhildur Anna Magnea Rakel

Skóladagatal

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2012-2013. Það var unnið í samráði við skólaráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 175 og skertir dagar alls fimm. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldrasamtalsdagar, jólaskekkmtun og skólaslita-dagur.

Skólasetning var 22. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst. Kennsla féll niður í jólaaleyfi nemenda sem var frá 21. desember til og með 3. janúar. Vetrarleyfi var 18. til og með 22. febrúar og páskaaleyfi frá 25. mars til og með 1 apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fjögurra skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 28. september, 18. október og 26. apríl. Skólaslit voru 7. júní.

Skóladagur nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 14:00. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14:00 til 14:50.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Í 1. -3. bekk var morgunstund frá kl. 8:15-8:30 og litu stuðningsfulltrúar og skólaliðar eftir nemendum á þeim tíma. Eftir að skóla lauk á daginn bauðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera í tómstundaheimilinu, Regnboganum.

Nemendur fengu fimmtán mínútna nestistíma einu sinni á dag og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal.

Tvisvar sinnum á dag fóru nemendur út í frímínútur. Hjá 1.–4. bekk voru frímínútur kl. 9:50-10:10 og kl. 12:20-12:40. Hjá 5.–7. bekk voru frímínútur kl. 10:30-10:50 og kl. 12:50-13:10. Í frímínútum voru kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar á skipulagðri gæslu.



Hollur og góður matur í hádeginu

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra gegnum tölvupóst. *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum. Haustiðfundir með foreldrum voru haldnir í september. Foreldrar koma ásamt barni sínu í samtal við umsjónarkennara tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn og sumir oft. Einnig hafa foreldrar samband við kennara í viðtalstímum og með tölvupósti.



Dansað á Porrablótinu

Nemendafélag

Nemendafélag Hofsstaðaskóla var stofnað haustið 2010. Stjórn félagsins var valin samkv. lögum félagsins. Sjá heimasíðu skólans <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3800>.

Haldnir voru tveir fundir á skólaárinu Aðal- og varamenn voru boðaðir á báða fundina. Fyrir fundina voru haldnir bekkjarfundir þannig að stjórnarmenn komu með tillögur frá bekkjafélögum sínum.

Nemendafélagið kaus fulltrúa í skólaráð Hofsstaðaskóla fyrir næsta skólaár á vorfundi félagsins. Einnig komu nemendur fram með ýmsar tillögur að umbótum í skólastarfinu. Sjá nánar fundargerðir á vef skólans <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3788>.

Bekkur	Aðalfulltrúi strákur	Varafulltrúi strákur	Aðalfulltrúi stelpa	Varafulltrúi stelpa
2. RJ	Ásgeir	Alexander	Aðaldís	Eva
2. SP	Dagur Orri	Kári	Brynja	Eydís
2. PP	Þorvaldur	Dagur	Harpa Lind	Tara
3. ÁS	Össur	Atli	Emilía Katrín	Andrea
3. GP	Benjamín	Stefán Breki	Anna Lovísa	Katla
3. HK	Ásgeir	Sverrir Konráð	Hekla Ylfa	Eva Bjarkey
4. ABR	Davíð	Eldar Máni	Birta Rós	Thelma Sól
4. ÁK	Flosi	Jón Hrafn	Embla	Helga Margrét
4. GG	Fannar Ingi	Kristófer Orri	Bergþóra Margot	Hafdís Hanna
5. AMH	Arnar Daði	Ásmundur Goði	Sylvía Sara	Alda Ósk
5. GHS	Ingi Freyr	Ásgeir	Andrea	Nanna Kristín
5. HS	Bjarki Þór	Eysteinn Arnar	Guðrún Margrét	Jóhanna Birta
6. GP	Benjamín Reynir	Magnús Gunnar	Liv	Signý María
6. HBS	Hjalti Dagur	Halldór	Sandra María	Fjóra Ýr
6. ÓP	Ingimundur Orri	Róbert	Katrín Ósk	Eva Sóley
7. BÓ	Kristófer Leví	Páll Viðar	Agnes	Ísabella
7. SJG	Páll Hróar	Þórður	Sóley Björk	Halldóra
7. ÖM	Breki	Ólafur Jökull	Guðbjörg	Vigdís



Fulltrúar í nemendafélaginu

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugri bekkjarstarfi. Þeir koma að félagslífi í samstarfi við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði s.s. jólaskemmtun, þorablót 6. bekkja og árshátíð 7. bekkja. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl.

Foreldrar eru vakandi yfir framboði og gæðum matarins sem börnunum stendur til boða í skólanum. Þeir standa fyrir bekkjarmyndatökum og í lok nóvember er árleg laufabrauðsgerð. Þeir hafa unnið ötullega að því að safna fjármunum til kaupa á gagnvirkum kennslutöflum. Þeir gefa líka útileikföng í tómstundaheimilið Regnbogann á vorin. Næsta skref er að virkja foreldra enn frekar til góðra verka m.a. með því að fá þá til að vera með fræðslu fyrir nemendur. Það er ómetanlegt fyrir skólann að vera í góðu samstarfi við foreldra vegna þess að „það þarf heilt þorp til að ala upp börn“ og með samstilltu átaki foreldra og skóla vegnar börnunum betur. Nánar má fræðast um starfið í fréttabréfum félagsins sem send eru öllum foreldrum auk þess sem ýmsar upplýsingar eru birtar á vefsvæði félagsins á vef skólans, (<http://www.hofstadaskoli.is/pages/548>).

Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2012-2013

Sigríður Guðlaugsdóttir, formaður
Þorgeir Axelsson
Berglind Grétarsdóttir
Oddgeir Reynisson
Davíð Waage
Carolina Castillo



Bekkjarfulltrúar skólaárið 2012-2013:

Fulltrúi	Bekkur	Fulltrúi	Bekkur
Áslaug María Sigurbjargardóttir	1. BST	Regína Björk Jónsdóttir	4. ÁK
Edda Björk Kristjánsdóttir	1. BST	Hildur Edda Jónsdóttir	4. GG
Hildur Edda Jónsdóttir	1. BS	Svanhildur Nanna Vigfúsd.	4. GG
Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir	1. BS	Svava Björg Harðardóttir	5. GHS
Ólafur Þór Gylfason	1. IS	Guðrún Willardsdóttir	5. GHS
Guðbjörg Sigríður Finnsdóttir	1. IS	Guðbjörg Sigríður Finnsd.	5. GHS
Jóhanna Áskels Jónsdóttir	2. RJ	Marsibil Ingibjörg Hjaltalin	5. HS
María Carolina Castillo	2. RJ.	Jóhanna Áskels Jónsdóttir	5. HS
Guðrún Jónsdóttir	2. SP	Urður Njarðvík	6. GP
Birna Gyða Björnsdóttir	2. SP	Kristín Hafsteinsdóttir	6. GP
Vala Guðný Guðnadóttir	2. PP	Vala Guðný Guðnadóttir	6. ÓP
Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir	2. PP	Þórunna Söbech	6. ÓP
Guðný Kristín Hauksdóttir	3. ÁS	Kristbjörg Elídóttir	6. HBS
Hulda Sigurjónsdóttir	3. ÁS	Guðrún Kristín Rúnarsdóttir	6. HBS
María Árdís Gunnarsdóttir	3. GP	Harpa Rós Gísladóttir	7. BÓ
Sveinbjörg Pálmarsdóttir	3. GP	Anna María Kristmundsd.	7. BÓ
Edda Rut Björnsdóttir	3. HK	Iðunn Bragadóttir	7. SJG
Jóhanna Guðrún Guðmundsd.	3. HK	Sigrún Guðmundsdóttir	7. SJG
Erla Björg Káradóttir	4. ABR	Hrafnhildur Skúladóttir	7. ÖM
Ellisif Katrín Björnsdóttir	4. ABR	Laufey Arna Arnalds.	7. ÖM
Anna Bryndís Blöndal	4. ÁK		
Berglind Snæland	4. ÁK		

Skólaráð

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008. Í skólaráði 2012-2013 sátu: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Lovísa Anna Pálmadóttir og Áslaug María Sigurbjargardóttir fulltrúar foreldra, Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Hreinn Októ Karlsson og Ólafur Pétursson fulltrúar kennara, Sigurborg A. Helgadóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Páll Viðar Hafsteinsson og Ólína Helga Sverrisdóttir í 7. bekk voru fulltrúar nemenda. Nýir fulltrúar nemenda voru kjörnir úr hópi 6. bekkinga í maí þær Fjóla Ýr Jörundsdóttir og Rakel Ása Ingólfssdóttir. Samúel Ingi Daníelsson er varamaður þeirra. Fráfarandi fulltrúum er hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skólans. Skólaráð hélt fimm fundi á skólaárinu. Lesa má fundargerðir á: <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/2518>.



Skólaráð 2012-13 ásamt nýjum nemendafulltrúum



Nemendur færa Barnaspítala Hríngsins peningagjöf

3. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Símenntun starfsmanna

Ný símenntunaráætlun fyrir skólann var unnin á vorönn fyrir skólaárið 2012-2013 og kynnt fyrir starfsmönnum í maí. Áætlunin var ennfremur kynnt skólanefnd, skólaráði og skóladeild Garðabæjar.

Skólinn fékk styrk að upphæð kr. 400.000,- úr *Endurmenntunarsjóði grunnskóla* til að halda nokkur námskeið á sl. skólaári.

Skólinn ráðstafaði þeirri upphæð m.a. til að senda kennara og aðra starfsmenn á eftirfarandi námskeið:

- Heimanám
- Góður skólabragur/uppbyggingarstefnan
- Jákvæð samskipti og einelti
- Orð af orði – ritun
- Námsmat í ljós nýrrar aðalnámskrár – í samvinnu við skóladeild og Menntaklifið

Kennarar og aðrir starfsmenn sátu auk þess ýmis námskeið og fræðslufundi á vegum Garðabæjar:

- Leið til læsis
- Bókagerð
- Skapandi skrif
- Grunnþættir menntunar – í samvinnu við Menntaklifið
- SAFT – örugg netnotkun

Kennarar sátu auk þess margs konar námskeið að eigin vali t.d.:

- ADHD
- Spuni
- Spegluð kennsla
- Byrjendalæsi
- Hvernig er hægt að ná árangri
- Forritunarkennsla
- iPad
- Námskeið á vegum Greiningarstöðvar og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR)

Í yfirliti sem kennarar skila á hverju vori um persónulega símenntun sbr. kjarasamning má sjá að um mjög fjölbreytta endurmenntun er að ræða allt eftir áhugasviði og starfi hvers og eins.

Nokkuð samstarf var við Menntaklifið á sl. skólaári. Menntaklifið hélt utan um fræðslu á innleiðingu grunnþátta og námsmati sbr. aðalnámskrá 2011. Stjórnendur sátu nokkra fundi með Menntaklifi til undirbúnings fræðslufundunum. Reikna má með meira samstarfi á næsta skólaári.

Ekki var hægt að sinna öllum námskeiðum/fræðslu sem að til stóð á skólaárinu en nokkur atriði bíða næsta skólaárs.

<http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=176450>

<http://www5.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=176451>

Margrét Harðardóttir skólastjóri

Heimaskólaverkefni - vettvangsnám

Haustið 2007 gerði Hofsstaðaskóli samning við Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám kennaranema. Sá samningur er runninn út og því miður hefur ekki náðst samkomulag á milli HÍ og KÍ um það hvernig staðið skuli að gerð samninga og greiðslu til skóla og viðtökukennara. Hofsstaðaskóli tók því ekki á móti nemum frá HÍ í vettvangsnám á þessu skólaári. Aðstoðarskólastjóri tók þó á móti hópi 1. árs nema í kynningarheimsókn í nóvember þar sem markmiðið var að þeir kynntust sem flestum hliðum skólastarfsins. Þeir nemar í íþróttafræðum í HR voru í vettvangsnámi á vorönn hjá Hreini Októ Karlssyni..

Hafðís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

Fagfundir grunnskólanna

Skólaárið 2011-2012 var hleypt af stokkunum því sem kallað er fagfundir grunnskólanna í Garðabæ. Þeir voru haldnir að frumkvæði skólastjórnenda og skipulagðir af þeim. Á þessu skólaári voru í stað fagfundanna haldnir fundir þar sem kennurum var skipt í hópa þvert á skóla og unnið með Grunnþætti menntunar samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Þessi vinna markaði upphaf innleiðingar námskrárinnar í skólum bæjarins. Kennarar skiptust á skoðunum og fræddust um grunnþættina. Fengnir voru sérfræðingar til þess að svara spurningum og unnið með áskoranir og tækifæri. Hist var til skiptis í skólunum og í lokin komu allir saman í Safnaðarheimili Vídalínskirkju þar sem hver hópur kynnti sína vinnu og helstu áherslur. Umsjóna með verkefninu var í höndum verkefnisstjórnar en hana skipuðu skólastjórnendur og fulltrúar skólaskrifstofu ásamt Klifinu. Ekki er að heyra annað en að ánægja ríki með þessa vinnu og sérstaklega þann þátt að fá tækifæri til þess að kynnast kennurum úr öðrum skólum og „skiptast á og deila með“.

Hafðís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri



Leikið úti

Þróunarverkefni

Hofsstaðaskóli hefur haft umsjón með þróunarverkefni, sem styrkt er af Sprotasjóði, um sameiginlegt útikennslusvæði leik- og grunnskóla í Garðabæ. Verkefninu lauk formlega apríl 2013 og er nú unnið að framkvæmdum á svæðinu undir stjórn *SAGE Gardens* í samstarfi við garðyrkjudeild og umhverfisstjóra bæjarins. Bæjarráð samþykkti að ráða *SAGE Gardens* til þess að sjá um hönnun og yfirumsjón á svæðinu og í sumar vinna átakshópar ungs fólks á svæðinu við að fegra það og undirbúa sem vestu undir að hægt verði að nýta það sem leik- og kennslusvæði næsta haust. Við gerð svæðisins er sjálfbærni, endurnýting og umhverfisvernd höfð að leiðarljósi. Safnað hefur verið trjástofnum og ýmsu öðru til þess að nýta á svæðinu. Því miður tókst ekki að fá kennsluráðgjafa á svæðið en áfram verður unnið að því að finna leiðir til þess að leysa það. Mikilvægt þykir að boðið sé upp á fræðslu um útikennslu og kennarar verðir leiddir áfram í átt að sjálfstæði með góðum undirbúningi og stuðningi. Kennsluráðgjafi myndi tryggja fagmennsku og stöðugleika í kennslu ásamt því að búa í hagin fyrir þá sem vilja koma með sín eigin verkefni og viðfangsefni á svæðið. Verkefnið er rétt að hefjast og mikið verk framundan. Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir kennara leik- og grunnskóla til þess að vekja athygli á þeim möguleikum sem fólgnir eru í svæðinu og leiðum til þess að auka fjölbreytni í kennsluháttum.

Hafðís Bára Kristmundsdóttir verkefnastjóri

Mat á skólastarfi - sjálfsmat

Í þessum kafla er fjallað örstutt um sjálfsmat Hofsstaðaskóla. Að öðru leyti er vísað í heimasíðu skólans en umfjöllun um stefnumörkun, sjálfsmat og kannanir er á finna undir flípanum *Skólinn*.

Hofsstaðaskóli starfar samkvæmt skólastefnu Garðabæjar en gildistími hennar er til loka árs 2013. <http://www.hofsstadaskoli.is/skolinn/skolastefna-gardabaejar/>

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2012 var lögð fram til kynningar í janúar 2013. Hún byggir á stefnumiðuðu árangursmati (BSC) og er unnin af sjálfsmatsteymi skólans. Skýrslan nær yfir heilt almanaksár.

<http://www.hofsstadaskoli.is/library/Skrar/Fylgiskjol/Skolinn/Sjalfsmatsskyrsla%20Hofsstaaskola%20fyrir%20arið%202012.pdf>

Mat á skólastarfinu byggir að hluta til á stefnukorti og skorkorti. Ekki eru allir þættir mældir árlega. Stefnukort skólans ásamt skorkorti má finna á eftirfarandi slóð: http://www.hofsstadaskoli.is/library/Skrar/Fylgiskjol/Skolinn/Skorkort_des2012.pdf

Hofsstaðaskóli tók skólaárið 2011-2012 þátt í verkefni um ytra mat á grunnskólastarfi eins og áður hefur komið fram. Matið er hluti af tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga óskuðu eftir að Garðabær, sem rekstraraðili skólans, skilaði inn umbótaáætlun vegna þeirra þátta sem töldust þarfnast úrbóta. Skólinn hefur brugðist við þeim þáttum sem að honum snéru, en þó er

heildstæð forvarnaráætlun enn í vinnslu og gera má betur í aðkomu foreldra og nemenda að innra mati á skólastarfinu. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að byggja við skólann um 1100 fm sem er svar bæjarins við brýnum úrbótum í húsnæðismálum vegna fjölgunar nemenda. Keyptir hafa verið 21 iPad, settir upp skjávarpar í sex kennslustofur og keypt stór klippitölva. Vonast er til að nemendur hafi aðgang að tveimur fartölvuvögnum á næsta ári í stað eins núna. Með þessu hefur verið bætt úr aðgengi nemenda að tækniþúnaði. Á meðfylgjandi skjali sést hvaða þættir voru taldir þarnast úrbóta og hvernig og hvenær brugðist var við þeim. <http://www.hofstadaskoli.is/skolinn/stefnumorkun-og-sjalfsmat/stefnumorkun-og-sjalfsmat-2012-2013/>

Skóladeild Garðabæjar gerði samning við Skólapúlsinn um fyrirlögn starfsmanna- og foreldrakannana, en Skólapúlsinn hefur lagt kannanir fyrir nemendur í all mörg ár.

Starfsfólki Hofsstadaskóla og skólaráði voru kynntar niðurstöður kannananna. Niðurstöður kannana sýna að skólinn kemur mjög vel út í öllum þáttum í samburði við aðra skóla og mun betur en gengur og gerist í sumum atriðum. Þessar niðurstöður ríma við úttektina sem getið er um að ofan um ytra mat skóla.

Skólapúlsinn mælir ýmsa ytri þætti og er því gott tæki fyrir skóladeild og Garðabæ til að fylgjast með gæðum skólastarfs. Eftir sem áður þarf skólinn að meta innra mat t.d. með stefnuðmiðuðu árangursmati.

Meðfylgjandi eru kynningarglærur ásamt samantekt á niðurstöðum frá Skólapúlsinum. <http://www.hofstadaskoli.is/skolinn/stefnumorkun-og-sjalfsmat/stefnumorkun-og-sjalfsmat-2012-2013/>

Að þessu sinni er birt sjálfsmatsskýrsla fyrir almanaksárið 2012 og að hluta til fyrir vorönn 2013. <http://www.hofstadaskoli.is/skolinn/stefnumorkun-og-sjalfsmat/stefnumorkun-og-sjalfsmat-2012-2013/>

Margrét Harðardóttir skólastjóri



Skólahljómsveitin fór á kostum

Umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla

Hofsstaðaskóli er *Skóli á grænni grein* og flaggar *Grænfánanum*. Umhverfisstarfið byggir á traustum grunni og í vetur var unnið samkvæmt umhverfissáttmála skólans.

Umhverfissáttmáli Hofsstaðaskóla 2012-13

- Við göngum vel um Hofsstaðaskóla og umhverfi hans
- Við fáum fræðslu í umhverfismennt
- Við slökkvum ljós í mannlausum herbergjum
- Við nýtum pappírinn vel
- Við notum sem minnst af einnota umbúðum
- Við göngum / hjólum í skólann eins oft og hægt er

Einnig eru reglur hafðar að leiðarljósi varðandi flokkun á úrgangi en hann er flokkaður í endurvinnanlegan, endurnýtanlegan og óendurvinnanlegan.

Endurvinnanlegt:

- Lífrænn úrgangur
- Plast
- Rafhlöður
- Pappír
- Bylgjupappi

Endurnýtanlegt:

- Afsag í smíðastofu
- Pappír
- Ýmsar umbúðir

Óendurvinnanlegt:

- Blandaður úrgangur

Umhverfisnefndin var sammála um að hafa þessa þætti í forgangi á skólaárinu:

- Flokkun á úrgangi og endurnýting
- Arnarneslækur í fóstur



Lampar úr endurunnu efni

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd var kosin að hausti. Margir áhugasamir nemendur í 2. – 7. bekk buðu sig fram. Einnig sitja í nefndinni deildarstjórar stiga, fulltrúar kennara, fulltrúar annarra starfsmanna og fulltrúar foreldra.

Verkefnastjórar:

Krístún Sigurðardóttir deildarstjóri

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri

Fulltrúar annarra starfsmanna:

Rúnar Viktorsson húsvörður

Agnes Kragh stuðningsfulltrúi

Fulltrúar nemenda:

Fulltrúar kennara:

Áslaug Þorgeirdóttir heimilisfræðikennari

Ingibjörg Sigfúsdóttir umsjónarkennari

Fulltrúar foreldra:

Freyr Þórðarson

Sigurborg A Helgadóttir

Bekkur	Fulltrúi	Fulltrúi	Bekkur	Fulltrúi	Fulltrúi
2. RJ	Snædís Sara	Svava Rós	3. ÁS	Emil Núi	Eypór Örn
2. RS	Atli	Guðjón Fannar	3. HK	Krístín Helga	Snædís María
2. ÞÞ	Guðmundur	María Margrét	3. GÞ	Eiður Baldvin	Silja Björg
4. ABR	Eldar Máni	Hrafn Ingi	5. AMH	Gunnar Þór	Hildur Anna
4. ÁK	Sindri Dagur	Viktor Reynir	5. GHS	Elín Halldóra	Ingi Freyr
4. GG	Benedikt Marinó	Guðrún Helga	5. HS	Ágústa	Liisa Bergdís
6. GP	Liv	Magnús Gunnar	7. BÓ	Björn Gústav	Páll Viðar
6. HBS	Halldór	Rakel Ása	7. SJG	Jóhann Karl	Theódóra Ýr
6. ÓP	Dúi Þór	Róbert	7. ÖM	Auður	Daníel Heiðar

Umhverfisnefndin hélt þrjá fundi. Á fyrsta fundi í september voru allir í nefndinni boðaðir og farið yfir komandi starf og umhverfissáttmálinn samþykktur. Annar fundur var haldinn í lok janúar þar sem söfnunarverkefnið í tengslum við *Græna framtíð* var rætt og ákveðið að Barnaspítali Hringins myndi njóta góðs af. Á þriðja fundi var farið yfir umhverfisgátlistann sem er á heimasíðu *Landverndar*.

Starfið með nemendum

Í öllum árgöngum var unnið að fjölbreyttum verkefnum. Þegar skóli hófst var tekið upp nýtt flokkunarkerfi á úrgangi. Til að það myndi ganga sem best voru starfsmenn frá *Íslenska gámafélaginu* með fræðslufundi í öllum bekkjum. Í kjölfarið voru unnin verkefni í tengslum við fræðsluna og settar upp viðeigandi merkingar fyrir flokkunina. Nemendur í 1. bekk skoðuðu umhverfi skólans auk



Þess að fara í Sjálandsfjöruna og í Heiðmörk. 2. bekkur lærði um fjöllin og hafið, 3. bekkur lærði um húsdýrin, 4. bekkur fræddist um umhverfismál. 5. bekkingar skoðuðu plöntur og fuglalíf við Arnarneslækinn, 6. bekkingar fræddust um loftslagsmál og tóku þátt í *Norræna loftslagsdeginum* og 7. bekkingar skoðuðu plöntu og dýralíf í og við Vífilsstaðavatn. Auk þessa voru unnin fjölda verkefna og nemendur fóru í margar ferðir þar sem umhverfisfræðsla kom við sögu. Margir árgangar sinntu umferðarfræðslu á haustdögum þar sem m.a. var stuðst við söguramma, farið í ratleiki um skólalóðina og unnar veggmyndir.

Allir árgangar skólans voru þátttakendur í Comeniusarverkefninu Regnbogatré (Rainbow tree). Nemendur fræddust um tré hjá sínum umsjónarkennurum og unnu margskonar verkefni s.s. var fjallað um réttindi trésins, teiknaðar myndir og samdar sögur. Í mars komu 20 kennarar frá 5 löndum í heimsókn í tengslum við verkefnið. Á vordögum gróðursettu nemendur í 4. bekk birkiplöntur í Bæjargarðinn sem fengnar voru úr Yrkjusjóði. Gróðursetningin var í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins og Skógræktarfélagið.

Umhverfisnefnd Hofsstaðaskóla í samvinnu við foreldrafélag skólans stóð fyrir söfnun og endurnýtingu á gömlum raftækjum í samvinnu við fyrirtækið Græn framtíð. Lagt var upp með þessi orð „Leggðu umhverfinu lið og gefðu þínu raftæki framhaldslíf. Það er synd að þurfa að henda þegar hægt er að endurnýta“. Skólinn fékk borgað fyrir raftækin sem söfnuðust og Græn framtíð sá um að endurnýta þau. Mest safnaðist af farsímum og fartölvum. Ágóðinn var 25.000,- kr. sem var afhentur Barnaspítala Hringsins. Tilgangur með verkefni af þessu tagi er að auka samfélagslega ábyrgð nemenda og í leiðinni að kenna þeim að þeir geti látið gott af sér leiða.

Nemendur í 1. – 4. bekk tóku þátt í smádýraþema undir lok skólaárs. Margskonar vinna fór fram t.d. var farið í fjöruferð, settar upp kartöflugildur á skólalóðinni og nágrenni hennar, ánamaðkar mældir og skoðaðir. Greiningarlyklar, víðsjár, stækkunargler og ýmislegt fleira var notað við vinnuna.



Vikulega sá einn bekkur um að hreinsa skólalóðina. Í tengslum við *Dag umhverfisins* tileinkaði Hofsstaðaskóli dagana 22. -24. apríl umhverfinu. Þá voru unnin margvísleg verkefni í skólanum. Einnig tók skólinn að sér að hreinsa Arnarneslækinn og tóku allir bekkir skólans þátt í hreinsuninni og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum.

Verkefni sem unnið var í tengslum við umhverfisviku á síðasta skólaári var sent í keppnina *Varðliðar umhverfisins* og var skólanum þakkað fyrir þátttökuna.

Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk þátt í lampasamkeppni þar sem gamall og verðlaus efniviður var vel nýttur.

Á haustdögum tók skólinn þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Þátttaka nemenda var mjög góð en mikill fjöldi nemenda kom annað hvort gangandi eða hjólandi í skólann á meðan á verkefninu stóð. Allir bekkir fengu viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna.

Vinna með starfsmönnum

Áður en skóli hófst þurfti að leggja mikla vinnu í merkingar í tengslum við nýtt flokkunarkerfi á úrgangi. Einnig voru umræður á starfsmannafundi um hvernig verkefnið gengi og hvað væri hægt að gera betur. Í maí tóku 27 starfsmenn þátt í verkefninu *Hjólað í vinnuna*. Þátttaka var mjög góð en alls voru farnir 1826 km.

Mat á starfi vetrarins

Ákveðnir þættir í umhverfisstarfinu hafa fest sig í sessi. En það má ekki sofna á verðinum, því umhverfisstarfinu þarf að sinna og hlúa að til að það framfarir eigi sér stað. Starfið byggir á þátttöku allra sem eru í skólanum, ekki bara þeirra sem eru í Umhverfisnefndinni. Þegar horft er yfir farinn veg og allt aftur til þess er skólinn fékk fyrst afhentan *Grænfánann* þá hefur mikið áunnist en alltaf er hægt að gera betur. Markmiðið er að sækja um endurnýjun *Grænfánans* þannig að Hofsstaðaskóli geti flaggað honum áfram næstu 2 árin.



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Vettvangsferðir

Samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og útfærslu þeirra í skólanámskrá Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og að allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er reglulega brotið upp og tækifæri nýtt til ferða og útivistar þegar veður og aðstæður leyfa. Útivistardagar og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskrár og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín.

Í upphafi skólaársins var gerð áætlun um vettvangsferðir allra árganga og gerð fjárhagsáætlun vegna þeirra. Voru strætisvagnar talsvert nýttir í vettvangsferðir sem jók verulega möguleika á þeim um leið og nemendur og starfsmenn urðu leiknari í notkun þeirra. Reglur þær er *Strætó* setur um ferðir nemenda geta valdið erfiðleikum t.d. þegar vagninn er orðinn fullur af nemendahópum úr Hafnarfirði þegar komið er í Garðabæ. Slíkt er frekar letjandi og getur valdið

vandræðum að fá ekki far með vangið þegar búið er að panta heimsókn á safn eða miða á sýningu.

Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru á skólaárinu.

Vettvangsferðir 2012-13

1. – 4. bekkur

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Ágúst	Gönguferð um nágrenni skólans	Gönguferð umferðafræðsla		Hjólaferð - berjaferð
September		Gönguferð götur bæjarins (sléttar- og oddatölur)		
Október		Fjöruferð Sinfóníutónleikar í Hörpu	Vísindasmiðja HÍ	
Nóvember		Bæjarferð Alþingishúsið	Stjörnuverið	Þjóðminjasafnið
Desember	Ferð í Hönnunarsafnið Heimsókn á Lundaból	Árbæjarsafnið Borgarferð Tónlistarskóli Garðabæjar	Tónlistarskóli Garðabæjar heimsóttur	4. ÁK og 4. ABR leikhúsferð í lðnó Jólaljósagönguferð
Febrúar			Ferð í Mjólkursamsöluna	
Maí	Fjöruferð í Sjálandið. Vorferð í Heiðmörk	Ísferð og ormatínsla	3. Gp ferð í Elliðaárdalinn. Sveitaferð að Bjarteyjarsandi	Gróðursetning við Stekkjarflöt (hjólaláð)
Júní		Vorferð á Þingvelli		Ísferð Vorferð á Akranes

5. – 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
September	Hofsstaðir	Gönguferð	Vettvangsferð að Vífilsstaðavatni - hjólaferð
Október	Þjóðminjasafnið	Vinnumorgunn í Húsdýragarðinum	Gljúfrasteinn
Nóvember	861 +/- 2	Vísindasafn Kjarvalsstaðir	
Desember	Jólasýning í Iðnó	Jólasýning í Iðnó	Jólasýning í Iðnó
Febrúar	Vísindasafn		Reykjaferð
Mars		Þjóðmenningarhús	365 miðlar
Apríl		Alþingi	
Maí		Hjólaferð - Vífilsstaðavatn	Hjólaferð Listasafn Erró
Júní	Vorferð á Þingvelli	Vorferð í Reykholt	Vorferð í Hvalfjörð

Fjölgreindaleikar

Dagana 31. október – 1. nóvember voru haldnir s.k. Fjölgreindaleikar. Leikarnir fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu Mýrinni. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn daginn í skólanum. Starfsfólk mætti í furðufötum.



Nemendum var skipt upp í 34 lið sem í voru ca. 12 nemendur úr öllum árgöngum. Nemendur úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar og héldu tveir fyrirliðar utan um hvert lið. Settar voru upp 34 stöðvar en liðin fóru á milli þeirra og unnu saman að því að leysa margskonar þrautir sem reyndu á mismunandi hæfileika. Á hverri stöð fengu liðin stig fyrir frammistöðu og framkomu liðsmanna.

Föstudaginn 9. nóvember var svo haldin Uppskeruhátíð fjölgreindaleikanna. Þar voru m.a. veittar viðurkenningar þeim liðum sem lentu í þremur efstu sætum. Einnig fengu þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr sérstaka viðurkenningu. Fjölgreindaleikar Hofsstaðaskóla tókust afar vel og hafa fest sig í sessi sem HS leikar eða Hofsstaðaskólaleikar.



Frá uppskeruhátíð leikanna - Fyrirmyndarfyrirliðar

Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku

Stærðfræði í 5.-7. bekk var kennd í fimm færnimiðuðum hópum. Í 5. og 6. bekk heita þeir eftir kennara hópsins þ.e. Ólahópur, Guðrúnarhópur o.s.frv. Í 7. bekk voru hóparnir kallaðir blár, hvítur, rauður, gulur og grænn. Fæstir nemendur eru í getuminnstu hópnum og flestir í getumestu. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska í 6. og 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum. Fjórum hópum í hvorum árgangi.

Nemendur í öllum hópum eiga að tileinka sér sömu eða sambærileg markmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofsstaðaskóla (sjá námsvísa). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari markmið og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og laga þarf námið að þeim.

Kennarar meta reglulega hvort nemendur séu í hóp við hæfi eða ættu að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum.

Námsefni

Misjafnt er eftir árgöngum hvort allir hópar nota sama námsefni eða hvort það er aðlagð að hópnum. Markmiðið er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi. Fimmtu bekkir unnu bækurnar *Stika 1 a* og *b*, nemendabók og vinnubók. Sjöttu bekkir unnu bækurnar *Stika 2a* og *b*, nemendabók og vinnubók. Sjöundi bekkur vann áfram í *Geisla* eins og undanfarin ár, bæði grunnbók og vinnubók.

Námsmat

Stefna skólans er að kannanir og próf byggji á þeim markmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda og getur vægi einstakra þátta verið misjafnt; sjá námsvísa. Í 5. bekk tóku allir bekkir sömu kannanir og próf og sama á við í 6. bekk. Í 7. bekk tóku gulur, rauður og grænn hópur sama námsmatað hausti en ekki að vori. Grænn hópur var með aðlagð námsmat.

Námsárangur

Framfarir nemenda í stærðfræði á samræmdum prófum í 7. bekk gefa til kynna að færnimiðuð nám sé jákvætt og bæti árangur og líðan nemenda. Sjá skýrslu um samræmd próf hér fyrir aftan.

Mat á færnimiðuðu námi

Í skýrslu frá *Námsmatsstofnun* sem heitir „Kynjamunur í grunnskólum Garðabæjar samkvæmt PISA 2009, samræmdum prófum og Skólapúlsinum“ en hún var unnin fyrir grunnskóla í Garðabæ af Almari M Halldórssyni í mars 2012 kemur eftirfarandi fram:

„Nemendur úr Hofsstaðaskóla virðast betur undirbúnir fyrir stærðfræðinám á unglingastigi í Garðaskóla því þeir bæta töluvert færni sína í stærðfræði á unglingastiginu auk þess sem árangur þeirra í lok 10. bekkjar í Garðaskóla er afburðagóður og mun betri en hjá nemendum úr hinum skólunum“. Þessi umsögn styrkir okkur enn frekar í því að halda áfram færnimiðuðu námi í stærðfræði.

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri 5.–7. bekk

Samræmd próf

Nemendahópar

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd próf í september 2012. Í 4. bekk voru 71 nemandi, þar af nutu átta nemendur stuðningsúrræða í stærðfræði og sex nemendur tóku prófið í minni hóp. Í íslensku nutu sjö nemendur stuðningsúrræði og sex voru í minni hóp. Einn nemandi fékk undanþágu fyrir próftöku í íslensku.

Í 7. bekk voru 66 nemendur, þar af nutu níu stuðningsúrræði í stærðfræði og tíu í íslensku þar af tveir sem unnu ritunarpátt á tölvu en tóku prófið að öðru leiti ekki sem stuðningsúrræði. Tveir

nemendur tóku prófið í minni hóp. Einn nemandi fékk undanþágu í íslensku og einn var í leyfi og tók ekki prófin.

Úrvinnsla

Deildarstjórar stiga vinna úr niðurstöðum á samræmdum prófum. Árangur nemenda er flokkaður eftir raðtölu og skipt niður í fjóra hópa þ.e. þeir sem eru með raðtöluna 1-25, 26-49, 50-74 og 75-99. Við samanburð á árangri eftir kyni var normaldreifðum einkunnum skipt í þrjá hópa þ.e. 1-22 (lág), 23-37 (meðal) og 38-60 (há). Bæði er unnið með einstaka bekk, árganginn í heild sinni, árangur eftir kyni og síðan einstaka nemendur. Niðurstöður eru settar upp í súlurit eða línurit svo að þær séu skýrari. Árangur 55 nemenda í 7. bekk 2012 var borinn saman við árangur þeirra í 4. bekk Hofsstaðaskóla 2009.

Farið var yfir niðurstöður með umsjónarkennurum, sérkennurum og stjórnendum. Helstu niðurstöður eru kynntar fyrir öllum kennurum.

Með því að vinna niðurstöðurnar með þessum hætti kemur mjög vel í ljós hvaða námsþættir koma vel út og hvaða þættir gætu verið betri. Niðurstöður eru notaðar til umbóta hjá nemendum, bekkjum og árgöngum í heild sinni.

Niðurstöður

Niðurstöður í samræmdum prófum í 4. og 7. bekk 2012 í Hofsstaðaskóla í samanburði við nágrenni Reykjavíkur og landið


	HOFSSSTAÐA- SKÓLI	NÁGR. RVK	LANDIÐ ALLT	HOFSSSTAÐA -SKÓLI NORMAL- DREIFÐ	NÁGR. RVK NORMALDREIFÐ
4. b stærðfræði	8,0	7	6,9	36	30,7
4. b íslenska	6,9	6,3	6,1	33,8	31
7. b stærðfræði	7,6	7,2	6,9	33,6	31,5
7. b íslenska	7	6,7	6,6	33,8	31,2

Samræmdar einkunnir eru á kvarðanum 1-10


Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60, meðaltal 30 á landinu

4. bekkur

Í stærðfræði var árangur mjög góður en normaldreifð einkunn skólans var 36,0 sem er 6 yfir landsmeðaltali. Þegar raðtölur eru skoðaðar þá flokkast 31,5 % nemenda í efsta flokkinn og 41,5 % í næst efsta flokkinn (sjá mynd 1). Mjög góður árangur var í lesskilningi og hlustun en 45,8% nemenda raðast þar í efsta flokkinn og 21, 5% nemenda í næst efsta.





Í stærðfræði var einnig mjög góður árangur en normaldreifð einkunn skólans var 33,8 sem er 3,8 yfir landsmeðaltali. Þegar raðtölur eru skoðaðar þá raðast 50,9% nemenda í efsta flokkinn og 18,2 % nemenda í næst efsta flokkinn. Fæstir nemendur raðast í slakasta flokkinn eða 9,2 % nemenda (sjá mynd 2).




Samanburður á kynjum í 4. bekk

Bæði í íslensku og stærðfræði eru stelpurnar með hærri normaldreifðar einkunnir heldur en strákarinnir (sjá mynd 3 og mynd 4).




7. bekkur


Námsframvinda nemenda frá 4. bekk 2009 til 7. bekkjar 2012 (sjá mynd 5).



Íslenska: Árangur nemenda í Hofsstáðaskóla var 0,44 yfir meðatali landsins miðað við samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10, eða um 6,6%. Þróunin frá 4. bekk er jákvæð að hluta en nemendum hefur fækkað í neðsta fjórðungnum um helming en lítil breyting hefur orðið í öðrum fjórðungum. Í heildina er árgangurinn 5,5% hærri í íslensku í 7. bekk en hjá sömu nemendum í 4. bekk, ef miðað er við raðtölu (sjá mynd 6).




Borinn var saman árangur drengja og stúlkna á samræmdum prófum í 7. bekk og þá kemur í ljós að lítill munur er á árangri þeirra þegar heildareinkunn er skoðuð en stelpurnar hafa þó vinninginn. Þegar einstaka þættir eru bornir saman standa stelpurnar sig mun betur í ritun þar sem meðaleinkunn þeirra miðað við raðtölu er 73 en um 50 hjá strákunum. Í öðrum þáttum standa kynin sig álíka vel en strákarnir hafa þó vinninginn í stafsetningu, lestri og mánotkun (sjá mynd 7).




Stærðfræði: Árangur nemenda í Hofstaðaskóla í stærðfræði var mjög góður, var 0,7 yfir meðaltal landsins miðað við samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10, eða um 10,7% hærra. Góðar framfarir hafa orðið hjá nemendum í 7. bekk 2012 miðað við sömu nemendur þegar þeir voru í 4. bekk 2009. Um er að ræða 55 nemendur af 66 sem tóku samræmt próf í 7. bekk 2012. Í heildina hefur árangurinn hækkað um 20% miðað við raðtölu (sjá mynd 8).



Nemendur nýta spjaldtölvur í náminu



Árangur drengja og stúlkna á samræmdu prófi í 7. bekk var borinn saman og þá kemur í ljós að árangur hjá drengjum og stúlkum er álíka þegar heildareinkunn er skoðuð. Þegar einstaka þættir eru skoðaðir eru drengir aðeins hærri en stúlkur í reikningi og tölfræði en stúlkur eru hærri í rúmfræði (sjá mynd 9).



Nemendur í 7. bekk eru í færuniðuðu námi í stærðfræði í 5 hópum og eru hóparnir í sífelldri endurskoðun. Samræmdu prófin breyttu þar litlu en staðfesta að við erum á réttri leið er varðar stærðfræðikennslu í Hofsstaðaskóla.

Tekið saman í júní 2013.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Krístrún Sigurðardóttir og Margrét Einarsdóttir
deildarstjórar Hofsstaðaskóla.



Á rauðum degi fyrir jólin borða nemendur og starfsmenn saman



Á öskudaginn klæðast nemendur í búninga

4. ÝMSAR SKÝRSLUR

Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda

Deildarstjórar sinna margskonar fjölbreyttum verkefnum ásamt því að hafa 5 tíma kennsluskyldu á viku. Að hausti er skólabyrjun undirbúin sem meðal annars felur í sér stundatöflugerð, skipulag list- og verkgreina, íþróttar, færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og röðun nemenda í bekk. *Skólanámskrá C* sem hefur að geyma ýmisleg gögn er yfirfarin, endurskoðuð og uppfærð. Búið er til skipulag yfir samveru og samsöng á sal, skipulag fyrir matsal, hreinsun á skólalóð og innanhússkóladagatal. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bókageymslu og kennslugögnum og sjá um kaup á námsbókum og námsgögnum. Í ágúst var haldinn fundur með nýjum nemendum í 2. – 7. bekk og foreldrum þeirra. Námsvísar voru lesnir yfir og samræmdir milli árganga svo og kennsluáætlanir.

Deildarstjórar sitja í stjórnunarteymi skólans og eru því virkir í daglegri stjórnun hans. Þeir koma að skipulagningu og halda utan um ýmsa þætti skólastarfsins til dæmis í tengslum við skipulag starfsdaga, samræmdra prófa, fjölgreindaleika, öskudags, jólaskeiðanna, íþróttadags, dagskrá á *Degi íslenskrar tungu*, þemavinnu, námskeiða og fræðslufunda.



Dagskrá á Degi íslenskrar tungu

Þeir halda utan um og panta í samstarfi við kennaranna á ýmsa listviðburði og í vettvangsferðir er tengjast skólastarfinu.

Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum ásamt námsráðgjafa. Áætlunin er í endurskoðun og nokkur vinna fór í það.

Deildarstjóri eldri deilda sér um framkvæmd og úrvinnslu á *Skólapúlsinum* með nemendum í 6. og 7. bekk.



Eldri nemendur aðstoða yngri í jólamatnum

Deildarstjóri yngri deilda sér um samskipti við leikskóla bæjarins og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hann skipuleggur reglulegar skólaheimsóknir fyrir samstarfsleikskólana og vorheimsóknir fyrir verðandi 1. bekkinga. Hann sér um skipulagningu á kynningarfundum fyrir foreldra verðandi 1. bekkinga. Hann er tengiliður við Velferðarsjóð barna í sambandi við Mentorverkefnið *Vináttu* sem nemendum í 4. bekk er boðið að taka þátt í. Deildarstjóri eldri deilda sér um samskipti við Garðaskóla, þorablót 6. bekkinga og árshátíð 7. bekkinga, *Stóru upplestrarkeppnina* og Reykjaferð. Einnig er hann prófdómari í framsögn. Hann stjórnar fundum í Nemendafélagi Hofsstaðaskóla. Auk þessa og margra fleiri verkefna skipuleggja deildarstjórar stigsfundi og stjórna þeim, sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórum tvisvar í viku. Þeir sitja skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað. Þeir taka starfsmannasamtöl við kennara á sínu stigi og vinna úr þeim.

Deildarstjórnarnir eru virkir í umhverfisstarfi skólans, sitja í umhverfisnefnd og eru verkefnastjórar *Grænfránaverkefnisins*. Þeir hafa einnig verið virkir í innleiðingu á nýrri flokkun á úrgangi.

Deildarstjórar komu að vinnu í sambandi við innleiðingu á nýrri aðalnámskrá og vinnu við hana á skipulagsdögum í lok skólaárs.

Deildarstjórar halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Þeir sjá um að vinna úr niðurstöðum samræmdra prófa. Deildarstjórar sækja námskeið og fræðslufundi til að kynna sér nýjungar í kennslu og námsefni til að miðla áfram til kennara.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í 1. bekk voru 52 nemendur 21 stúlkur og 31 drengir. Umsjónakennarar voru Bryndís Stefánsdóttir, Bryndís Svavarsdóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir. Sérkennari var Guðrún Dögg Jóhannsdóttir. Proskapjálfi var Anna Laxdal. Stuðningsfulltrúar voru Agnes Kragh, Sigríður Kragh og Melissa G. Haire.

Markmið og áherslur árgangsins í námi og starfi

Helstu áherslur í starfi árgangsins voru: Skólafærni, lestur, stærðfræði og lífsleikni.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Notaðar voru litlar hringekjur, sögurammar í samfélags- og náttúrufræðigreinum, útikennsla og innlagnar- og einstaklingskennsla. Einnig unnu nemendur í paravinnu og hópavinnu.

Hringekja var 1 x í viku. Þar voru eftirfarandi greinar kenndar; bókasafn, einingakubbar, eðlisvísindi og tölvufærni.

Námsmat/námsaðlögun


Námsmat var með þeim ætti að notast var við námsframvindu í *Mentor* í lestri, stærðfræði og tölvum á haust- og vorönn. Á vorönn var notast við námsframvindu í skrift.

Í byrjun vetrar var nemendum skipt í hópa eftir færni í markvissri málörvun. Í september var lagt fyrir lesskimunarprófið *Leið til læsis* og stuðst var við niðurstöður úr því við hópaskiptingu. Í lok nóvember hætti hópaskipt málörvun en eftir varð einn lítill hópur sem fór áfram til sérkennara. Í apríl var lagt fyrir lesskimunarprófið *Les 1*.

Að mati kennara mætti bæta inn í námsframvindu skólafærni.

Þróunarstarf og nýbreytni

Haldið var áfram með þróunarstarf sem hófst skólaárið 2011-2012. Í því felst algjörlega ný nálgun í námsmati. Tekið var í notkun nýtt efni í lestrarkennslu sem heitir *Lestrarlandið* og nýttust gagnvirkar kennslutöflur vel þar. Haldið var áfram með *Sprota* sem aðalbók í stærðfræði og nýttust gagnvirkar kennslutöflur einnig mjög vel. Þróunarverkefnið *Orð af orði* var í gangi í árganginum eins og í öllum skólanum. Einnig var tekið í notkun nýtt námsefni í skrift, *Ítalíuskrift* eftir Freyju Bergsveinsdóttur og Gunnlaug SE Briem sem haldið verður áfram með í 2. bekk.



Vettvangsferðir

Farið var í fjölbreyttar ferðir á skólaárinu. Þar sem um 1. bekk er að ræða voru flestar ferðirnar í nágrenni skólans. Umferð í nágrenni skólans var könnuð, farið í fjöruferð þar sem smádyr voru skoðuð. Fyrir jólin var farið á Hönnunarsafn Íslands og búið til jólaskraut. Farið var í Hellisgerði með strætó og vorferð í Furulund í Heiðmörk með rútu. Þar að auki voru farnar fleiri ferðir á opin leiksvæði í nágrenni skólans, skólalóðin hreinsuð sem og lækurinn í samstarfi við annan árgang.



Lífsleikni

Unnið var með námsefnið *Undrið*. Tekið var á málum sem komu upp í daglegu amstri bæði með umræðum og leik. Lífsleikni tengdist einnig að hluta inn í söguramma sem unnið var með í vetur.

Enska

Unnið var með ensku í gegnum leik, söng og verkefnavinnu. Enskan fléttaðist inn í sögurammana sem unnið var með í vetur s.s *Komdu og skoðaðu líkamann* og *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*.

Skemmtanir og félagslíf

Haldin var hátíð þegar nemendur höfðu verið 100 daga í skólanum. Hver bekkur var með eitt bekkjarkvöld þar sem foreldrar fengu að sjá skemmtidagskrá sem nemendur sýndu á sal skólans fyrir 1.-4. bekk og einnig bingó- og spilakvöld. Einn bekkur fékk spilavini í heimsókn. Í nóvember var umferðaleikritið *Vinstri, hægri, vinstri* sýnt á sal. Í desember var morgunkaffi og jólaföndur með foreldrum. Allir fengu vinabekkina í heimsókn.



100 daga hátíð

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með ágætum. Sendir voru vikupóstar og upplýsingarpóstar þess á milli ef þörf var á. Vegleg námsefniskynning var að hausti ásamt fræðsluerindi um lestur. Skjót svör voru veitt við fyrirspurnum foreldra. Vinahópar voru í öllum bekkjum og aðstoðuðu kennarar foreldra með því að raða í hópana.

Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk almennt vel. Ánægja var með námsmatið í námsframvindunni en hefði verið gott að fá inn skólafærni til að auðvelda mat á hegðun og þau markmið sem lögð eru til grundvallar þar. Okkur fannst gagnvirku töflurnar nýttast afar vel. Þær auka fjölbreytni í kennslu og gera okkur kleift að nálgast námsefnið á nýjan og fjölbreyttan hátt. Allar innlagnir í *Sprota* fóru fram á töflunni, sem gerði innlagnir áhugaverðar og myndrænar fyrir nemendur.

Bryndís Stefánsdóttir, Bryndís Svavarsdóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Í 2. bekk voru 65 nemendur. Umsjónarkennarar voru Ragna Jóhannsdóttir í 2. RJ, Ragnheiður Stephensen í 2. RS á haustönn, Sjöfn Þórðardóttir tók við bekknum á vorönn og varð hann þá 2. SP og Þóra Þórisdóttir í 2.ÞÞ. Agnes Kragh, Melissa G. Haire og Sigríður Kragh voru til stuðnings. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sá um sérkennslu og Bergljót Vilhjálmsdóttir sá um nýbúakennslu. Gréta Pálsdóttir talmeinafræðingur sinnti börnum sem þurftu á talkennslu að halda.

Helstu áherslur árgangsins

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti ásamt hlutbundinni vinnu sem tengdist hinum fjölmörgu sögurömmum sem unnir voru um veturinn. Áhersla á lestur og lestrarfærni einkenndi starf vetrarins. Sérstök áhersla var lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni, samvinnu nemenda innan árgangsins og félagsfærni. Einnig var unnið áfram með verkefnið *Orð af orði*.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi svo sem sögurammar í íslensku og samfélagsfræði. Eftir áramót var á dagskrá tilraunaverkefni í stöðvavinnu í samvinnu við Guðrúnu Dögg sérkennara þar var unnið með verkefnið *Orð af orði*. Einnig var einstaklingsmiðað nám, þá helst í íslensku og stærðfræði, þar sem hver og einn fékk tækifæri til að vinna á sínum hraða, eftir getu og áhugasviði. Í janúar var farið í þriggja vikna lestararáttak, þar sem nemendur skráðu hverja lesna bók á þar til gert eyðublað. Eyðublöðin voru síðan hengd upp og búin til ormur sem hlykkjaðist út um allan gang.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum. Umsagnir, kannanir og námsframvinda skráð inn á *Mentor*, mat á vinnubókum, virkni í hópavinnu, vandvirkni og vinnusemi. *Aston Index* var lagt fyrir nemendur. Námsaðstæður voru aðlagðar fyrir þá sem þurftu aukinn stuðning í náminu.



Allir að lesa

Þróunarstarf/Nýbreytni

Sem dæmi um nýtt verkefni var *stöðvavinna* í samstarfi við Guðrúnu Dögg sérkennara þar sem unnið var í fimm hópum með verkefnið *Orð af orði*. Skipulag stöðvavinnunnar var eftirfarandi:

- *iPad* – unnið með sögugerð.
- Stærðfræði í tölvum.
- Hreyfispilið *Alias*.
- Stafagerð í leir.
- Stafarugl – orð af orði.

Einnig var unnið samstarfsverkefnið *Rainbow tree* (Comeniusar verkefni)

Útikennsla

Útikennsla fór eftir þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni. Sótt var í næsta umhverfi skólans en einnig var farið í lengri vettvangsferðir s.s fjallgöngu á Úlfarsfell og á Þingvelli.



Ferð á Úlfarsfellið

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Umhverfi skólans var notað eins og kostur var. Hreinsun á skólalóðinni var hluti af umhverfisfræðslu ásamt hreinsun á læk. Umhverfisfræðsla var einnig í formi umræðna og verkefna.

Vettvangsferðir voru meðal annars fjallganga á Úlfarsfell, heimsókn í Alþingishúsið og helstu byggingar miðbæjarins voru skoðaðar. Farið var í kaffihúsaferð, tveir bekkir fóru á jólaeikrit í lðnó og þriðji bekkurinn fór í kertagerð. Við fengum umferðaleikritið *Stopp* til sýningar í skólanum, farið var á tónleika í Tónlistarskóla Garðabæjar. Einnig var farið í fjöruferð, heimsókn á pósthús og heimsókn á Árbæjarsafnið. Að lokum var farið í vorferð á Þingvelli.

Lífsleikni

Bekkjarkvöld voru haldnir reglulega, þar var m.a. rætt um almenn samskipti, skólareglur, klípusögur teknar fyrir til þess að læra að setja sig í spor annarra. Stuðst var við bókina *Spor* í lífsleikni. Tengslakannanir voru gerðar í upphafi skólaárs. *Blátt áfram* kom með leikbrúðsýningu í skólann þar sem fjallað var um ofbeldi. Eftir sýninguna var unnið með hugtakið innan bekkjanna í samstarfi við námsráðgjafa. Námsráðgjafi starfrækti vínahópa meðal stúlkna í einum bekknum og meðal drengja í öðrum.

Skemmtanir og félagslíf

Tvö bekkjarkvöld voru haldin yfir veturinn og tengdist annað þeirra bekkjarskemmtun á sal. Einnig var eitthvað um það að foreldrar héldu spilakvöld fyrir bekkina.

Foreldrasamstarf

Bekkjarkvöld hafa staðið sig vel í sínu hlutverki í vetur. Umsjónarkennarar sendu vikulega póst til foreldra með upplýsingum um skólastarfið.

Mat á starfi vetrarins

Að mati kennara hefur veturinn einkennst af fjölbreyttum verkefnum og hafa nemendur tekið framförum bæði náms- og félagslega. Umfang verkefna er mjög mikið og spurning hvort ekki megi fækka þeim. Skipt var um kennara í einum bekknum um áramót og hefði mátt undirbúa þá skiptingu betur.

Ragna Jóhannsdóttir, Sjöfn Þórðardóttir og Þóra Þórisdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Í árganginum voru 59 nemendur. Umsjónarkennarar voru Ágústa Steinarsdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir og Hrönn Kjærnested. Til stuðnings voru Sigríður Kragh, Sigurborg Helgadóttir og Melissa G. Haire. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Bergljót Vilhjálmsdóttir sáu um sérkennslu árgangsins. Gréta Pálsdóttir talmeinafræðingur sá um talkennslu.

Helstu markmið og áherslur árgangsins í námi og starfi

Helstu markmið og leiðir í vetur var að skapa aðstæður í náminu svo að nemendur öðlist færni í að vinna sjálfstætt jafnframt því að vinna með öðrum eftir getu og áhugasviði auk þess að efla ábyrgðarkennd þeirra.



Risaeðluverkefni

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina voru höfð að leiðarljósi. Sérstök áhersla var lögð á lestur og lestrartengd verkefni auk þess unnið markvisst með *Orð af orði*. Í gangi voru hringekjur í gagnvirkum lestri, tölvum, eðlisvísindum og ritþjálfu og var hópum skipt þvert á árganginn. Einstaklingsmiðað og færnimiðað nám var í íslensku og stærðfræði þar sem hver og einn fékk tækifæri til að vinna á sínum hraða eftir getu og áhugasviði. Útikennsla og vettvangsferðir tengdust stærðfræði og náttúrufræði, s.s. umferðarfræðslu, himingeimnum, landafræði, hringrásum náttúrunnar og risaeðlum.



Úr vettvangsferðum

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum. Í stærðfræði voru nokkrar kannanir yfir önnina og svo lokapróf. Í samfélagsgreinum voru verkefni, virkni og áhugi í hópavinnu metin. Í íslensku voru lögð fyrir próf í lestri, lesskilningi, stafsetningu, hlustunarskilningi og skrift. Í skrift og tölvufærni var notast við leiðsagnarmat í *Mentor*. Nemendur með sérþarfir og frávík fengu sérkennslu og próf aðlöguð af sérkennara þar sem við átti.

Þróunarstarf og nýbreytni

Í árganginum notuðum við okkur verkefnið „Orð af orði“ og þær hugmyndir sem fram komu á námskeiðunum því tengdu. Fastir liðir hjá árganginum voru *orð dagsins* í tengslum við hin ýmsu viðfangsefni hverju sinni, krossaglífur og orðskýringar. Mikil áhersla var lögð á framsögn og tjáningu. Nemendur voru hvattir til að sýna frumkvæði og leggja sitt af mörkum til verkefnavinnu. Mikið var lagt uppúr að verkefnin væru fjölbreytt og að þau höfðuðu til nemenda.



Úr nestistíma

Vettvangsferðir

Farið var í sveitaferð á Bjarneyjarsand í Hvalfirði að vori í tengslum við vinnu við húsdýrin. Í desember fór árgangurinn í bæjarferð. Vísindasmiðjan í HÍ var heimsótt og Stjörnuverið kom í heimsókn. Nærumhverfi skólans var nýtt í ýmisskonar verkefnavinnu og hópeflisstarfa t.d. var farið gangandi á ylströndina í Sjálandshverfinu. Borgarbókasafnið var heimsótt og hlustað á upplestur á jólasögu.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld voru haldin tvisvar. Í tengslum við skemmtun á sal var foreldrum einnig boðið að koma í skólann til að sjá afraksturinn. Haldin voru spilakvöld, félagsvist og Spilavinir fengnir í heimsókn. Aðventukaffi var fyrir foreldra og þá var föndrað. Árgangurinn hittist einu sinni og var spiluð félagsvist. Í samstarfi við foreldra var farið á jólasýningu í lðnó.



Félagsvist

Foreldrasamstarf

Tveir bekkjarfulltrúar voru starfandi í hverjum bekk. Þeir stóðu sig vel og sáu um ýmsa atburði í samvinnu við umsjónarkennara. Umsjónarkennarar sendu reglulega póst til foreldra um skólastarfið.

Mat á starfi vetrarins

Að mati kennara hefur veturinn einkennst af áhugaverðum og lærdómsríkum verkefnum sem unnin voru einstaklingslega og í hópum. Almennt má segja að nemendur hafi tekið góðum framförum í vetur bæði náms- og félagslega. Mikil ánægja var með tilkomu skjávarpa í stofur 3. bekkinga og segja má að þeir hafi aukið fjölbreytileika í kennslu og námi.

Ágústa Steinarsdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir og Hrönn Kjærnested

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Í 4. bekk voru 72 nemendur í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir, Gunnhildur Grétarsdóttir. Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir kenndi einnig í 4. ÁK. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir voru sérkennarar árgangsins. Stuðningsfulltrúar voru Sigríður Kragh, Sigurborg Helgadóttir og Agnes Kragh.

Helstu áherslur árgangsins:

Aðalmarkmið vetrarins voru fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina í tengslum við hina ýmsu söguramma. Áhersla var lögð á sjálfstæði, samvinnu í hópum og vandvirkni nemenda í allri vinnu. Mikilvægur þáttur í starfinu í vetur var að styrkja samskipti og félagsfærni innan árgangsins.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Leitast var við að hafa námið fjölbreytt þannig að hver einstaklingur fengi að njóta sín sem best ýmist í einstaklingsvinnu eða hópavinnu. Samfélags- og náttúrufræðigreinar voru kenndar í tengslum við hina ýmsu söguramma og þemavinnu. Sögurammarnir voru Íslenskir þjóðhætti, Fuglinn og Nýir nágrannar. Bókin *Náttúran allan ársins* hring var notuð allan veturinn og auk þess voru unnin verkefni um smádýr og umhverfismennt.

Leshópar voru starfandi yfir veturinn þar sem nemendum í hverjum bekk var skipt upp í hópa. Útikennsla var notuð í tengslum við náttúrufræði og fleiri greinar hverju sinni allt eftir viðfangsefni. Einstaklingsmiðað nám var í íslensku og stærðfræði þar sem hver og einn fékk tækifæri til að vinna á sínum hraða eftir getu og áhugasviði.



Íslenskir þjóðhættir kynntir

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum. Í stærðfræði voru lagðar fyrir nokkrar kannanir yfir önnina, sjálfsmat og lokapróf. Í samfélags- og náttúrufræðigreinum voru kannanir, verkefni, virkni, sjálfsmat og hópavinna. Í íslensku voru lögð fyrir próf í lesskilningi, málfræði, raddlestri og hlustunarskilningi. Skrift, tölvur og ritþjálfari var metið í námsframvindu í *Mentor*. Námsmat í

ensku var umsögn í janúar og vorpróf í maí. Nemendur með sérþarfir og frávik fengu sérkennslu og aðlöguð próf í samvinnu við sérkennara.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í árganginum var haldið áfram að vinna með þróunarverkefnið *Orð af orði* í tengslum við ritun.

Útikennsla

Útikennsla var í tengslum við samfélags-og náttúrufræðigreinar hverju sinni allt eftir viðfangsefni.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Nemendur fengu fræðslu í að flokka sorp. Í lok skólaársins voru gróðursettir birkiplöntur í samvinnu við garðyrkjudeild bæjarins. Hver bekkur hreinsaði skólalóðina og árgangurinn tók þátt í hreinsun á Arnarneslæk. Einnig fór töluverð fræðsla fram í tengslum við bókina *Náttúran allan ársins hring*. Umhverfisfræðsla var í formi umræðna, verkefna og horft á myndbönd. Vettvangsferðir árgangsins voru göngu- og hjólaferðir, heimsókn og fræðsla á bókasafn Garðabæjar, jólaleikrit Borgarbarna í lðnó og vorferð á Akranes.



Gróðursett í Bæjargarðinum

Lífsleikni

Bekkjarfundir voru haldnir af og til yfir veturinn. Tengslakannanir voru gerðar á hvorri önn og hafðar til hliðsjónar í vináttutengslum innan bekkjanna. Námsráðgjafi var umsjónarkennurum innan handar eftir þörfum. Lesin var bókina *Gísli á Uppsölum* og horft á *Stíklur* og unnin fjölbreytt lífsleikni verkefni í tengslum við bókina. Einnig var unnið með samskipti, vináttu og virðingu.

Enska

Enska var kennd einu sinni í viku og einnig í lotu í list- og verkgreinum þar sem tekin voru fyrir þemun: weather, months, sports, clothes, body parts og animals. Að auki kenndu umsjónarkennarar bókina *Work Out*.

Skemmtanir og félagslíf

Tvö bekkjarkvöld voru haldin yfir veturinn og var annað í tengslum við sýningu bekkjarins á sal. Bekkjarfulltrúar sáu einnig um að skipuleggja viðburði innan bekkjanna. Árgangurinn sá um jólaskemmtun og sýndi dagskrá á sal fyrir yngra stig skólans.

Foreldrasamstarf

Bekkjarfulltrúar sinntu sínu hlutverki vel og skipulögðu hina ýmsu viðburði í sínum bekkjum eins og t.d. brjóstsykurgerð, ratleik, spilakvöld, pitsugerð og fleira. Kynning var fyrir foreldra að morgni um verkefnið *Íslenska þjóðhætti*. Vikulega var sendur upplýsingapóstur á foreldra um starfið, verkefni og viðburði í árganginum. Viðburðardagatal var sent heim í desember og maí.

Mat á starfi vetrarins

Samstarfið í árganginum gekk vel. Námsárangur var góður. Í samræmdum prófum var árgangurinn vel yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði.

Nemendur tóku framförum í leik og starfi og voru kennarar ánægðir með hversu virkan þátt þeir tóku í fjölbreyttri og krefjandi verkefnavinnu.



Páskapema

Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir,
Ásta Kristjánsdóttir og Gunnhildur Grétarsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Í árganginum eru samtals 68 nemendur. Umsjónarkennarar voru Anna Magnea Harðardóttir, Guðrún Helga Sigurðardóttir og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir. Kennarar í stærðfræði voru umsjónarkennarar ásamt Bergljótu Vilhjálmisdóttur og Ólöfu Hörpu Gunnarsdóttur. Ensukennarar voru Björg Jónsdóttir, sem kenndi 5. HS, Bryndís Svavarsdóttir 5.AMH og Guðrún Helga kenndi sínum bekk. Ólöf Harpa sinnti sérkennslu í íslensku í árganginum og Guðrún Pálsdóttir á haustönn. Stuðningi í 5. GHS sinnti Melissa Guðlaug Haire.

Helstu áherslur árgangsins:

Nokkur viðbrigði eru fyrir nemendur að færast í eldri deild, áherslur breytast og viðfangsefni þyngjast. Leitast var við að hafa kennsluhætti fjölbreytta og mikil áhersla var lögð á að kenna nemendum að skipuleggja sig, tileinka sér góða námstækni, skrifa tengda grunnskrift og temja sér vönduð vinnubrögð sem hjálpa þeim að takast á við erfiðari viðfangsefni og skila vandaðri vinnu.



Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Árganginum var skipt í fimm hópa í hringekju og list- og verkgreinum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina var þar kennd nýsköpun, tölvufærni, forritun, eðlisvísindi og sund. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gefur aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem krefjast rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum, töluvert var um hópvinna, ritunarverkefni og myndræn verkefni af ýmsum toga. Stærðfræði var kennd í fimm getuskiptum hópum þar sem vinnuhraði og áherslur tóku að nokkru mið af stöðu hópsins. Almennu voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga; mikið um ritun og orðavinna, skapandi verkefni, verkefnum unnin í tölvu o.fl.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrufræði, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr nokkrum mismunandi þáttum yfir veturinn; hópvinna, verkefnum, vinnubókum, verkefnaöppum og prófum. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum í lok hvers kafla, sjálfsmati og annarprófi. Í málfræði, stafsetningu, hlustun og lesskilningi var stöðumat í lok annar. Staða í lestri var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Námsmat var aðlagð fyrir nokkra nemendur.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Unnið var töluvert áfram með „Orð af orði“ í tengslum við mörg viðfangsefni vetrarins m.a. Benjamín dúfu, Landnám Íslands, náttúrufræði, kristinfræði, ljóð og ritun. Nemendur fengu nokkra þjálfun í ritun af ýmsum toga og fjölbreyttri ljóðagerð sem gafst vel. Unnið var með nokkuð öðruvísi hætti í kristinfræði þar sem lesin var bókin „Krakkar í kirkju“ og unnin „Orð af orði“ verkefni úr henni auk þess sem nemendur lærðu um Boðorðin tíu og sömdu nútímasögu til túlkunar á einu boðorði. Jafnframt sömdu nemendur sín eigin nútíma-boðorð. Unnin voru heildstæð verkefni í íslensku út frá bókunum *Benjamín dúfa* og *Öðruvísi fjölskylda*. Nemendur unnu töluvert í forritum og vefefni í stærðfræði m.a. á *Mathletics*. Að vori var fjölbreytt og skemmtilegt hópverkefni í náttúrufræði þar sem unnið var í litlum hópum.

Útikennsla

Það var ekki mikið um útikennslu í árganginum í vetur. Úr því má bæta með ýmsum hætti. Árgangurinn heimsótti Hofsstaði í vetur í tengslum við umfjöllun um Landnám Íslands. Hver bekkur gekk að Hofsstöðum og fékk leiðsögn á svæðinu. Margmiðlunarstöðvar sem þar voru virkuðu því miður ekki sem skildi og mætti gjarnan bæta úr því.

Í maí var stöðvavinna í náttúrufræði. Á einni stöðinni var farið út með *iPad-a* og aflað upplýsinga um ýmislegt sem tengdist námsefni vetrarins. Heppnaðist það mjög vel. Hægt er að nýta nærumhverfi okkar á marga vegu í námi.



Kátir krakkar í frímínútum

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Í tengslum við Landnám Íslands var farið í heimsókn að Hofsstöðum, í Þjóðminjasafnið og í safnið 871+-2. Farið var á jólaleikrit Borgarbarna í lðnó. Einnig var farið á Vísindasafnið á vormisseri þar nemendur kynntust ýmsum eðlisfræðilegum viðfangsefnum. Vorferðin var á Þingvelli í rigningu og roki en endað í sundi til að hlýja sér.

Lífsleikni

Námsráðgjafi vann með nokkrum hópum nemenda að bættum samskiptum og skoðaði með þeim leiðir til að leysa ágreining. Unnin voru fjölbreytt og skapandi verkefni í bekkjunum tengd vináttu, jákvæðum samskiptum og sjálfsmynd, en ekki unnu allir bekkirnir eins verkefni. Jafnframt voru haldnir nokkrir bekkjarfundir yfir veturinn þar sem nemendur ræddu ýmis mál með aðstoð kennara. Allir bekkirnir voru með sýningu á sal og völdu, sömdu og æfðu atriði í sameiningu til að sýna. Jafnframt var nemendum kennd félagsvist og fór góður tími í það. Einnig urðu oft miklar og góðar umræður sem tengjast lífsleikni í tengslum við námsefni vetrarins, ekki síst við lestur Benjámins dúfu.

Enska

Í ensku voru tekin fyrir þematengd verkefni og nemendur söfnuðu gögnum sínum í safnmöppu. Þemur sem tekin voru fyrir voru: Fairytales, clothes, sports, animals, pirates og family. Unnið

var markvisst með innlagnir á orðaforða og hlustun. Auk þess lásu nemendur léttlestrarbók af bókasafni og fengu þjálfun í ritun. Ýmis verkefni voru unnin í tengslum við þemun og í sumum þemunum var talað mál þjálfað sérstaklega.

Skemmtanir og félagslíf

Allir bekkirnir voru með sýningu á sal á vormisseri þar sem þeir sýndu fjölbreytt atriði sem þeir höfðu valið, samið og æft. Tvær bekkjarskemmtanir voru haldnar í hverjum bekk en nánar er fjallað um það í næsta lið. Nokkrum sinnum yfir veturinn fengu nemendur að velja tilbreytingu eða „umbun“ í skólanum með ýmsu sniði; frjálst nesti, náttföt, horfa á bíómynd eða leikjatölvur, ipod og spil.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði, mest í gegnum tölvupóst og skilaboð á *Mentor* og á skipulögðum fundum á vegum skólans. Tvær bekkjarskemmtanir voru haldnar í hverjum bekk en ekki allar með sama sniði. GHS og AMH bekkirnir voru með bekkjarkvöld á haustönn þar sem nemendur og foreldrar spiluðu saman félagsvist eftir að nemendur höfðu lært hana í skólanum en í HS bekknum komu *Spilavinir* í heimsókn. Allir bekkirnir voru með bekkjarkvöld í kjölfarið á sýningu nemenda á sal þar sem nemendur sýndu foreldrum sínum atriðin sín. HS bekkurinn fór í *Lazer-tag* og pizzu á vorönn en nemendur í AMH bekknum í sund og ísferð með foreldrum sínum á vordögum. Vinahópar voru starfræktir í HS bekknum en ekki í AMH og GHS.

Mat á starfi vetrarins

Kennurum finnst starfið hafa gengið vel í vetur. Kennsluhættir voru fjölbreyttir og verkefni þjálfuðu nemendur í margs konar færni. Mikið var um ritun og ljóðagerð og fór nemendum töluvert fram í slíkri vinnu. Einnig var mikið lagt upp úr vönduðum vinnubrögðum, uppsetningu og skrift og telja kennarar þá vinnu hafa skilað árangri. Mikið var um skapandi viðfangsefni og samvinnu sem gerir skólastarfið ólíkt skemmtilegra. Að vori var stöðvavinna í náttúrufræði þar sem nemendum var skipt í fimm hópa þvert á árganginn. Þar kenndi ýmissa grasa, *iPad* verkefni, spurningakeppni, myndasaga, „sturlaðar staðreyndir“ og sérfræðingastöð. Sú vinna þótti gefast mjög vel og hentaði vel á þessum árstíma. Á næsta ári er tilvalið að vera duglegri við að fara út í náttúruna, skoða umhverfið og vinna verkefni í tengslum við það en þeim þætti var ekki nægilega vel sinnt í ár.

Anna Magnea Harðardóttir, Guðrún Helga Sigurðardóttir og

Hrafnhildur Skúladóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.

Nemendur í 6. bekk voru 71 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Guðrún Pálsdóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir og Ólafur Pétursson. Stuðningsfulltrúar voru Sigríður Kragh og Melissa G. Haire. Proskabjálfi var Anna Laxdal. Bergljót Vilhjálmsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir voru sérkennarar í árganginum.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti sem reyndu á og þjálfuðu mismunandi færni. Nemendur unnu ýmist einir, í pörum eða í hópvinnu og leitast var við að hafa námsmat samsett úr mismunandi þáttum. Starfið var fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt.

Námsmat/námsaðlögun

Nemendur tóku hefðbundin próf og kannanir, skrifleg og gagnvirk. Þeir unnu margs konar verkefni sem metin voru t.d. ritunarverkefni, vinnubækur, myndverk, fræðsluerindi, framsögn og hópverkefni.

Árgangurinn er fjölmennur. Nokkrir nemendur vinna eftir einstaklingsnámskrá, jafnframt er hópur nemenda sem þarf aukna aðstoð við námið og var boðið upp á sérkennsluhópa í íslensku hjá Bergljótu og Ólöfu Hörpu. Reynt var að mæta þörfum nemenda eins og unnt var hverju sinni og þeir sem þess þurftu fengu aðlöguð próf, lengri próftíma, aðstoð við ritun í prófum og próftöku í smærri hópum.

Próunarstarf/Nýbreytni

Í vetur var áfram unnið með verkefni tengd *Orð af orði* sem gáfust vel. Reynt var að koma því inn í sem flestar námsgreinar. Í Rauðkápu voru að mestu leyti tekin út skrifleg vinnublöð með beinum spurningum úr sögunum og útbúin vinnublöð með verkefnum í tengslum við ritunarnámskeið. Jafningjamat var notað í námsmati Norðurlandaverkefnis.

Í tengslum við Þorablótið var árganginum öllum skipt í hópa. Nemendur gátu valið sér verkefni sem voru fyrirfram ákveðin s.s. leikrit, dans, söngur, myndbönd og hljóðfæraleikur. Sú nýbreytni var þetta árið að *iPadar* voru notaðir við gerð myndbanda fyrir þorablótið. Hver kennari hafði því umsjón með einum hópi. Þetta heppnaðist mjög vel og nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Fyrir áramót var lesin bókin *Fólkið í blokkinni* og unnin einföld vinnubók sem fylgir henni. Eftir áramót var heldur þyngri vinna, lesin var bókin *Draugaslóð* og unnin fjölbreytt verkefni samhliða henni; spurningar, málfræði og stafsetningarverkefni. Heildstæð myndræn verkefni og bókmenntavinna. Nemendur unnu einnig í fimm hringekjuhópum og komu sérkennararnir að verkefninu ásamt umsjónarkennurum.

Útikennsla

Nemendur fóru út í ýmsum námsgreinum s.s. stærðfræði, náttúrufræði og ensku. Farið var í hjólaferð að vori upp að Vífilsstaðavatni í plöntu- og fuglaskoðun. Nemendur fóru í vinnuferð í *Húsdýragarðinn* þar sem þeir fræddust um dýrin og fengu að vinna ýmis verk tengd umhirðu þeirra. Nemendur tóku þátt í hreinsun lækjarins og skólalóðarinnar eins og aðrir nemendur skólans. Farið var í fjölmargar ferðir í tengslum við námsefnið.



Nemendur í 6. bekk í fjöruferð

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Vettvangsferðir árgangsins voru á eftirfarandi staði; Hjólaferð að Vífilsstaðavatni, Jólaleikrit Borgarbarna í lðnó, Húsdýragarðinn, Gönguferð upp á Holt og fjöruferð, göngutúr um Garðabæ, vorferð í Reykholt, Kjarvalsstaðir og Þjóðmenningarhús.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld voru haldin eftir skemmtanir á sal á haustönn, ásamt spilakvöldi. Hefðbundið þorrablot var í febrúar sem heppnaðist vel.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði og voru samskipti við foreldra árgangsins góð. Kosnir voru bekkjarfulltrúar og stofnaður bekkjarsjóður. Bekkjarkvöld voru haldin þar sem *Spilavinir* komu í heimsókn og farið var í keilu. Mjög góð þátttaka foreldra var á þorrabloti 6. bekkja og var mikil ánægja með hvernig til tókst.

Mat á starfi vetrarins

Samstarfið í árganginum gekk mjög vel. Störf stoðþjónustu; sérkennara, þroskaþjálfra, námsráðgjafa, sálfræðings og deildarstjóra var mikill og góður stuðningur. Kennurum í árganginum finnst færnimiðað nám skila miklum og góðum árangri og vilja alls ekki hverfa frá því. Skólastarfið gekk í heild sinni mjög vel þrátt fyrir fjölbreyttan nemendahóp. Nemendur fengu mikið hrós í vettvangsferðum eins og t.d. í Reykholti. Krakkarnir voru skemmtilegir, áhugasamir og kurteisir. Því má meðal annars þakka aukinn stuðning við ákveðna nemendur.

Guðrún Pálsdóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir og Ólafur Pétursson



Battavöllurinn er jafnan vinsæll

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru alls 68 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Björk Ólafsdóttir, Sólveig Júlíana Guðmundsdóttir og Ölrún Marðardóttir. Ragnhildur Sigurðardóttir var þroskajálfi. Agnes Kragh og Sigurborg A. Helgadóttir voru stuðningsfulltrúar í árganginum. Um sérkennslu sá Margrét Einarsdóttir. Hrönn Kjærnested kom einnig inn sem sérkennari í íslenskuhóp.

Helstu markmið og áherslur árgangsins í námi og starfi

Stuðst var við *Aðalnámskrá grunnskóla* og reynt að ná sem flestum markmiðum sem þar eru sett fyrir aldurstigið eins og sjá má í *Námsvísi* árgangsins. Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi vinnu af ýmsum toga.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Að mestu sá umsjónarkennari um kennslu í sínum bekk eins og venja er, en raðað var í hópa eftir færni í stærðfræði og ensku, einnig voru blandaðir hópar í list- og verkgreinum. Nemendur þekkja því vel innan árgangsins. Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir að mati kennara og námsmat einnig. Nemendur unnu iðulega verkefni sem reyndu á skapandi þætti, ritun, framsögn, samvinnu o.fl. Nemendur fengu fjölmörg tækifæri til að vinna með öðrum, ýmist í tveggja manna teyrum eða stærri hópum. Þeir unnu oft einstaklingslega að verkefnum, hlustuðu á kennara fræða þá um ýmis mál, en einnig unnu nemendur saman í pörum og hópum



að verkefnum af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna vinnu með *Vítahring* í bókmenntum en þar unnu nemendur verkhöppu með fjölbreyttum verkefnum t.d. myndasögur, persónulýsingar, *Orð af orði* verkefni, spurningar og bókarýni ásamt ýmsum myndrænum verkefnum. Í þessu verkefni var nemendum skipt þvert á árganginn í fjóra hópa þar sem Margrét sérkennari kom inn og gafst sú vinna mjög vel. Í Evrópu unnu nemendur hópverkefni þar sem búin var til kynning á einu Evrópulandanna.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var unnið með fjölbreyttum hætti og yfirleitt var matið sett saman úr nokkrum þáttum; próf, kannanir, verkefnavinna og vinnubækur. Próf voru flest með hefðbundnum hætti en einnig tóku nemendur gagnvirk próf í tölvu af ýmsum gerðum, próf þar sem mátti hafa námsgögn með sér. Í stærðfræði voru kannanir við lok hvers kafla. Fjölbreytt verkefnavinna nemenda var metin í mörgum námsgreinum. Má þar nefna t.d. *Vítahring*, sögu, náttúrufræði og trúarbragðafræði en í þessum greinum unnu nemendur fjölbreytt verkefni og söfnuðu saman í möppu eða bók sem metin var. Verkefnin voru t.d. ritun af ýmsum toga; fræðileg umfjöllun, úrdrættir, krossglímur, myndasögur, orðhlutaverkefni, skilgreiningar, ritgerðir, hugtakakort og sögur. Jafnframt myndræn framsetning á ýmsu úr námsefninu, stuttar kynningar, framsögn o.fl. Nemendur unnu einnig ýmis hópverkefni sem metin voru sem hluti af einkunn t.d. í sögu, náttúrufræði, ensku og landafræði.

Nokkrir nemendur voru með einstaklingsnámskrá og unnu alfarið út frá henni en fleiri nemendur tóku stundum aðlöguð próf miðað við námsgetu. Einnig fengu sumir nemendur lengri próftíma, lesara eða skrifara til aðstoðar í prófum.

Þróunarstarf og nýbreytni

Í ár var nokkuð um nýjar nálganir í kennslunni. Hengdir voru upp skjávarpar í öllum stofum sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika í kennslu, bæði fyrir kennara og nemendur. Auðveldara var að sýna myndir og myndskreið af netinu, gera glærur og verkefni fyrirfram og sýna á skjánum auk þess sem auðvelt er að skrá hugleiðingar og vinnu í tímum í skjöl. Áfram var unnið með þróunarverkefnið *Orð af orði* og var reynt að vinna samkvæmt hugmyndum þess í sem flestum námsgreinum. Unnið var með markvissari hætti með orðaforða, hugtakakort og málskilning.



Sú nýbreytni var gerð á vinnunni með *Vítahring* að skipta árganginum upp í fjóra hópa og vinna þvert á árganginn með hin ýmsu verkefni sem greint er frá hér að ofan.

Mikið var um alls kyns samvinnuverkefni, stór og smá, ýmist í pörum eða stærri hópum. Á lokadögum vorannar unnu nemendur 7. bekkja stórskemmtilegt verkefni um bíla. Nemendur unnu saman í pörum og fékk hvert par eitt rör, einn grillpinna, fjögur lítill

dekk, bylgjupappa og límband. Úr þessu áttu þau að hanna og smíða bíl en fengu ekki frekari leiðbeiningar um hvernig væri best að takast á við verkefnið. Þau máttu einnig nýta ýmislegt smálegt sem til var í skólanum, lím, liti, pappír og skraut. Markmiðið var að hanna bíl sem kæmist vel áfram ef honum var ekið niður ákveðna braut. Í lok dags var svo keppt um hvaða bíll kæmist lengst. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir flotta hönnun, frumleika og útlit.



Vettvangsferðir

Nemendur fóru í heimsókn að Gljúfrasteini að hausti og fræddust um Halldór Laxness en nemendur fjölluðu um hann og verk hans í íslenskutímum. Foreldrar aðstoðuðu við að koma nemendum í og úr ferðinni. Farið var á hina árlegu jólasýningu í lðnó í desember. Árgangurinn fór að Reykjum í Hrótafirði dagana 11.–15. febrúar. Gekk sú ferð ágætlega en margir nemendur og einn kennari veiktust og þurftu að fara heim. Vorum við því undirmannaðar og ef slíkt gerist aftur þarf nauðsynlega að bæta við starfsmanni. Komu krakkarnir heim reynslunni ríkari og voru öll sammála því að þessi ferð



stóð upp úr eftir veturinn. Settar voru inn myndir en engar blogg færslur voru að þessu sinni þar sem net lá algjörlega niðri. Nemendur unnu síðan ritgerðarverkefni í skólanum um upplifun sína á Reykjum. Nemendum var boðið í heimsókn í 365 miðla og fræddust þar um sögu útvarps og sjónvarps á Íslandi og kynntust starfsemi fyrirtækisins. Vorferð var farin á slóðir *Vítahringa* í Hvalfirði. Síðan var farið að Bjarteyjarsandi, dýrin skoðuð og grillaðar pylsur. Að því loknu var farið í sund í Mosfellsbæ.

Skemmtanir og félagslíf

Í haust var haldið sameiginlegt diskótek 7. bekkja í Garðabæ í Sjálandsskóla. Finnst kennurum ráð að halda þessu áfram þar sem þessir árgangar blandast saman í 8. bekk. En það þarf að halda vel utan um svona skemmtanir og verða þær að vera vel stýrðar, hafa til dæmis góðan diskótekara sem er með dagskrá.



Árshátíð árgangsins var haldin í apríl og tókst hún að mati kennara mjög vel. Óskarinn var þema kvöldsins og var rauði dregillinn dreginn upp og voru teknar myndir af „stjórnunum“ sem mættu í sínu fínasta pússi. Nemendur árgangsins aðstoðuðu kennara og deildarstjóra við undirbúning og skipulag og voru foreldrar virkjaðir með í skipulag kvöldsins og frágang og gekk það í alla staði mjög vel. Fyrir kvöldverðinn var haldin hin árlega hæfileikakeppni og eftir mat var diskótek fyrir nemendur og foreldrar fengu kaffi og konfekt á kaffistofunni eða fóru heim.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk mjög vel í vetur og voru foreldrar áhugasamir að mæta þegar þeim var boðið í skólann. Bekkjarfulltrúar voru fengnir í ýmis hlutverk á skemmtunum s.s. á árshátíðinni. Bekkjarkvöld voru haldin í bekkjunum og voru með misjöfnu sniði. Misjafnt var eftir bekkjum hversu oft nemendur hittust með foreldrum og gerðu eitthvað saman.

Mat á starfi vetrarins

Það er mat kennara árgangsins að vinnan hafi verið mjög fjölbreytt, skapandi, krefjandi og lifandi eins og reynt var að gera nánari grein fyrir í öðrum köflum skýrslunnar. Nemendur fengu einnig fjölmörg tækifæri til samvinnu og til að koma fram og kynna verkefni sín fyrir öðrum. Samstarf kennara gekk mjög vel.

Björk Ólafsdóttir, Sólveig Júlíana og Ölrún Marðardóttir



Úr vettvangsferð í Hvalfjörð

Kennsla í erlendum tungumálum

Danska

Markmið

Nemendur Hofsstaðaskóla byrja að læra dönsku í 7. bekk. Aðalmarkmið kennslunnar er að gera nemendur jákvæða gagnvart námi sínu því þá verður allt svo miklu léttara og skemmtilegra fyrir bæði nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins.

Uppbygging kennslunnar

Kenndar voru þrjár kennslustundir á viku. Ester Jónsdóttir kenndi 7. SJG og Lilja Karlsdóttir 7. ÖM og 7. BÓ.



Kennsluaðferðir

Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir. Hefðbundin bókleg kennsla var ríkjandi en hún reglulega brotin upp með söngvum, spilum, bíómyndum, leikjum og hópverkefnum ýmis konar þar sem sköpun, framsögn, orðaforði, gleði og upplýsingatækni sameinuðust svo eitthvað sé nefnt.

Námsefni

Start og Smart lesbók og vinnubók frá Námsgagnastofnun. Unnið var með *Start* á haustönn og *Smart* vorönn. Auk þess sem unnið var verkefni í hópa vinnu um Danmörku. iPad verkefni, ritunarverkefni auk hlustunar úr *Start og Smart* lesbók og vinnubók. Reynt er að leggja áherslu á sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Nemendur tóku fjórar kannanir, en þess á milli voru unnin verkefni sem voru hluti af símati. Einnig er vinnubók metin til einkunnar.

Kennsluhættir

Nemendur eru mjög jákvæðir og áhugasamir. Ákveðið var að taka nýja bók inn í námsefnið á vorönn. Byrjað er á *Start* á haustönn og eftir áramót á *Smart*.

Síðasta kennsludag ársins þreyttu síðan nemendur n.k. munnlegt próf í dönsku þegar þeir tóku á móti hópi jafnaldra sinna frá Molsskolen á N- Jótlandi. Sýnd voru myndbönd sem nemendur hafa unnið og dönsku nemendurnir sögðu frá ferðalagi sínu um Ísland. Gestgjafarnir sýndu svo gestunum skólann og komu við í tónmenntastofunni þar sem slegið var upp tónleikum. Fram komu bæði skólahljómsveitin og danskir gítarleikarar. Að því loknu var haldið út á battavöll og þar fór fram landsleikur í fótbolta. Ekki segir af úrslitum í leiknum. Móttaka gestanna tókst afar vel og lögðust allir á eitt við að gera vel. Margir eignuðust pennavini eða facebookvini eftir heimsóknina.

Ester Jónsdóttir og Lilja Karlsdóttir dönskukennarar



Skólahljómsveitin lék fyrir gestina

Enska

Enska er kennd í öllum árgöngum skólans og sjá umsjónarkennarar um kennsluna í flestum tilvikum. Á miðstigi er nemendum skipt í færnimiðaða hópa til að koma til móts við þarfir allra. Hóparnir eru mismunandi stórir og hraði á yfirferð námsefnis er ekki sá sami í öllum hópum en til grundvallar liggur sama námsefni fyrir alla.

Helstu markmið

Markmið enskukennslunnar er í öllum tilfellum að kynna nemendur fyrir tungumálinu, efla hæfni þeirra og áhuga á lifandi og skemmtilegan hátt. Nemendur fá tækifæri til að reyna fyrir sér í öllum þáttum tungumálsins sem eru lesskilningur og orðaforði, talað mál, ritun og hlustun. Lagt er upp með að byggja markvisst á fyrri þekkingu nemenda og þjálf þann orðaforða auk þess að byggja ofan á þann grunn. Lifandi og skemmtileg kennsla gerir nemendur áhugasama og jákvæða en jafnframt tilbúna til að takast á við námið.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir einkenna kennsluna, allt frá leikjum og söngvum yfir í hefðbundna vinnubókavinnu. Einnig er tæknin nýtt töluvert við kennsluna og koma tölvur, spjaldtölvur og *Smart Boards* þar mikið við sögu.

Yngri nemendur fara mikið í leiki og syngja auk þess að nota ýmislegt námsefni sem til er í skólanum. Kennsluvefir í ensku eru einnig notaðir auk myndbanda fyrir börn sem eru sérstaklega ætluð nemendum sem eru að læra ensku.

Á miðstiginu hefur verið kennt eftir þeim undanfarin ár en sú kennsla hefur einkennst af mjög fjölbreyttum kennsluháttum þar sem tekið er fyrir eitt þema hverju sinni. Nemendur vinna þá sama efni en taka það fyrir á mismunandi hraða, allt eftir stöðu einstaklingsins og hópsins í heild.



Námsmat

Nemendur á yngra stigi fá umsagnir frá umsjónarkennara en unnið hefur verið að því að setja 1.-3. bekk í námsframvinduna í *Mentor*. Fjórdi bekkur fær enskukennslu í hringekjuformi til viðbótar við hefðbundna kennslu umsjónarkennara. Í þeim námskeiðum er námsframvindan notuð.

Námsmat á miðstigi er símat sem samanstendur af ýmsum verkefnum tengdum þemunum sem tekin hafa verið fyrir. Auk þess eru þáttum bætt inn sem tengjast sérstaklega færniþáttum tungumálsins.

Kennsla í hverjum árgangi fyrir sig

1. bekkur

Unnið var með ensku í gegnum leik, söng og verkefnavinna. Enskan fléttaðist inn í sögurammana sem unnið var með í vetur s.s *Komdu og skoðaðu líkamann* og *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*.

2. bekkur

Enska: „Right on“. Bækur lesnar með nemendum og farið í leiki. Unnin voru ýmis verkefni tengd þemavinnu hverju sinni.

3. bekkur

Enska tengd þemaverkefnum hverju sinni t.d risaeðlum, himingeimnum, umferðinni. Tekið var fyrir námsefnið *Muzzy in Gondoland* sem er í formi stuttra myndbanda og verkefna sem þeim fylgja. Auk þess fengu nemendur að spreyta sig á bókinni *Hickory*.

5. bekkur

Í ensku voru tekin fyrir þematengd verkefni og nemendur söfnuðu gögnum sínum í safnmöppu. Þemur sem tekin voru fyrir voru: Fairytales, clothes, sports, animals, pirates og family. Unnið var markvisst með innlagnir á orðaforða og hlustun. Auk þess lásu nemendur léttlestrarbók af bókasafni og fengu þjálfun í ritun. Ýmis verkefni voru unnin í tengslum við þemur og í sumum þemum var talað mál þjálfað sérstaklega.

6. bekkur

Í ensku var færnimiðað nám og misjafnar áherslur á milli hópa. Unnið í bókinni *Action* lesbók og verkefnabók. Bókin *Elephant man* var lesin og verkefni unnin auk þess sem tekin voru fyrir hin ýmsu þemaverkefni. Enskukennarar voru Björg Jónsdóttir, Ólafur Pétursson, Lilja Karlsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir.

Námsmat: Vægi námsmatsþátta var breytilegt eftir hópum. Mikil áhersla er lögð á símat og hlítarnám. Í öllum hópum voru einhverjar kannanir, en vinna, þemavinna og ýmis verkefni metin.

7. bekkur

Bókin *Action* var til grundvallar í vetur hjá öllum hópum. Teknir voru fyrir fjórir kaflar í bókinni og námsmat var eftir hvern kafla. Auk þess voru bækurnar *Oliver Twist* og *White Death* lesnar. Nemendur lásu léttlestrarbók að eigin vali. Hlustun var einnig markviss, bæði úr bókinni *Action* og viðbótarefni frá kennara. Hlustunarpróf var lagt fyrir tvisvar yfir árið. Hóparnir voru fjórir og kennarar voru Ölrun Marðardóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Lilja Karlsdóttir og Björg Jónsdóttir.

Námsmat: Vægi námsmatsþátta var breytilegt eftir hópum. Mikil áhersla er lögð á símat og hlítarnám. Í öllum hópum voru einhverjar kannanir, en vinna, þemavinna og ýmis verkefni metin.

Björg Jónsdóttir fagstjóri í ensku



Haldinn var bleikur þemadagur

Skýrsla Bókasafns Hofsstaðaskóla

Húsnæði

Húsnæði safnsins er 94 fermetrar auk 30 fermetra bókalofts en þar eru 14 tölvur sem nýtast nemendum. Einnig eru þrjár tölvur sem ætlaðar eru nemendum til upplýsinga- og heimildaleitar staðsettar á neðri hæð safnsins. Þangað geta nemendur komið og unnið smærri verkefni í samráði við starfsmann safnsins.

Starfsmenn

Á safninu starfa tveir starfsmenn annar er bókasafns- og upplýsingafræðingur í 75% starfi og starfssvið hans er að sjá um útlán, aðföng og allt það sem til fellur á safninu. Hinn er skólaliði sem vinnur á safninu fimm klst. á viku á við útlán og frágang bóka.

Bókakostur

Í dag eru 13.580 skráð eintök á safninu sem skiptast niður í um 12.150 bækur og 1.430 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Á síðastliðnu ári voru lánaðar út um 14.400 bækur og hefur útlánum fjölgað um tæp 10% frá fyrra ári. Mikil útlán eru á bókasafninu og má geta þess að einn mánuðinn lánaði safnið út tæplega 2500 eintök af bókum.

Starfssemi

Á skólasafninu gilda ákveðnar umgengnisreglur:

- Öllum er frjálst að skoða og lesa bækur á safninu.
- Ætlast er til að nemendur gangi hljóðlega um og séu ekki með háreysti.
- Fara á vel með bækur og önnur gögn. Vera hrein á höndum og fletta rólega.
- Setja skal bækur og tímarit aftur á sinn stað í hillur eftir notkun.
- Ekki borða eða drekka á skólasafninu.
- Mælt er til þess að kennarar sendi ekki fleiri en þrjá nemendur í einu úr hverjum bekk.



Bangsadagurinn

Fræðsla og kynningar

Bókasafnsfræðsla var hluti af hringekju í 2. bekk og fór fram á safninu eina klukkustund á viku. Markmið kennslunnar var að fara yfir helstu umgengisreglur safnsins og einnig var þemavinna í gangi. Þema vetrarins var kynning á danska rithöfundinum H.C. Andersen og sögum hans. Nemendur unnu vinnubók upp úr völdum sögum.

Börn í 1. bekk sem voru í hringekju komu á safnið einu sinni í viku í eina kennslustund. Farið var yfir reglur safnsins og umgengni með bækur með þeim ásamt því að lesa sögur eftir íslenska rithöfunda.

Breytt fyrirkomulag var á opnunartíma safnsins þ.e.a.s. að útlánatíminn var lengdur um 4.5 klst. á viku. Þó var ennþá hægt að panta safnið undir hina ýmsu vinnu í samráði við starfsmenn. Með lengri útlánatíma safnsins og fleiri skráðum kennslustundum á bókalofti minnkuðu möguleikarnir á nýtingu safnsins undir verkefnavinnu í samstarfi við nemendur og kennara. Nokkuð var um að kennarar sendu nemendur á safnið til þess að vinna og klára verkefni.

Í byrjun vetrar tók safnið þátt í *Alþjóðlega bangsadeginum* sem haldinn er hátíðlegur þann 26. október og lesin var bangsasaga af eldri nemendum fyrir yngstu börnin. Norræna bókasafnsvikan *Í ljósaskiptunum* var haldin hátíðleg vikuna 14.–20. nóvember. Lesið var upp úr sögunni um *Dýrin í Hálsaskógi* eftir Thorbjørn Egner. Börnum í 3. bekk var boðið á safnið að hlusta á upplestur. Rithöfundarnir Birgitta Elín Hassel og Marta Hlín Magnadóttir komu í heimsókn á bókasafnið þann 3. desember og lásu upp úr nýútgefnum bókum sínum um *Rökkurhæðir* fyrir nemendur í 7. bekk.

Þorgrímur Þráinsson heimsótti bókasafnið 14. desember. Hann hitti nemendur í 5. og 6. bekk og las úr bók sinni *Krakkinn sem hvarf*.

Dagur barnabókarinnar var haldinn hátíðlegur þann 4. Apríl. Nemendur skólans hlustuðu á söguna *Stóri bróðir* eftir Friðrik Erlingsson, sögunni var útvarpað og hluti af nemendum hlustaði á söguna á bókasafninu.



Frá heimsókn Birgittu Hassel og Mörtu Hlínar



Frá heimsókn Þorgríms Þráinssonar

Sérstakir aðgangspassar eru fyrir þá sem vilja koma á safnið og fékk hver bekkur þrjá slíka til sín. Með þessu fyrirkomulagi er verið að jafna þann fjölda barna sem er á safninu hverju sinni. Þá eru aldrei fleiri en þrír í einu úr sama bekk. Þetta gefst mjög vel og því verður haldið áfram næsta vetur.

Safnið hefur til afnota skjávarpa, tjald og tölvu sem eykur möguleika í verkefnavinnu. Haldið var áfram vinnu við að endurskipuleggja safnið, ganga frá gömlu efni og hreinsa til. Markmið safnsins er að vera með a.m.k. einn ákveðinn atburð á safninu fyrir hvern árgang.

1. og 2. bekkur tóku þátt í bangsadegi og kom 1. bekkur á bókasafni í sögustund hjá nemendum í 7. bekk.

3. bekkur kom á safnið í Norrænu bókasafnavíkunni og hlustaði á upplestur úr sögunni *Dýrin í Hálsaskógi*.

4. bekkur fór í heimsókn á bókasafn Garðabæjar.

5. og 6. bekkur komu á safnið og hlustuðu á Þorgrím Þráinsson lesa upp úr bók sinni *Krakinn sem hvarf*.

7. bekkur kom á safnið og hlustaði á Birgittu Hassel og Mörtu Hlín lesa úr bók sinni *Rökkurhæðir*.

Unnið er markvisst að því að gera safnið meira aðlaðandi. Settur var upp listaverkaveggur á safninu þar sem nemendur skólans geta kynnt verkefni sín. Samstarf við bæjarbókasafnið í Garðabæ var aukið og fóru allir nemendur í 4. bekk í heimsókn þangað og nemendum í 2. bekk var boðið að koma á vordögum og fá kynningu á sumarlestri safnsins.

Gréta Björg Ólafsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

Skýrslur kennara í list- og verkgreinum

List og verkgreinar 2012-2013

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list og verkgreinum í 10-14 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein fimm til sex sinnum á vetri. Smíði, textíl, myndmennt, heimilisfræði og sund er kennt í lotum í 2.-7. bekk 80 mínútur tvisvar í viku. Auk þess fara hópar úr 3., 4. og 5. bekk 1x40 mínútur í sund lok skóladags. Í 1. bekk eru 2x60 mínútna lotur í smíði, 2x60 mínútur í textíl, 1x60 mínútur í heimilisfræði, 1x60 mínútur í myndmennt. Tónmennt er kennd í tvær stundir á viku í fyrsta bekk en eina stund á viku í 2.-5. bekk. Tónmennt í 6. og 7. bekk er í hringekju 80 mínútur á viku. Fleiri greinar koma inn í list- og verkgreinaskipulag s.s tölvufærni, bókasafn, ritþjálf og eðlisvísindi. Sjá nánar í töflunni hér fyrir neðan.

	Fjöldi hópa í árgangi	Smíði	Textilmenn t	Heimilisfræði	Myndmennt	Eðlisvísindi	Sund	Tónmennt	Tölvufærni	Gagnvirkur lestur, Ritun
1. bekkur	4	3	3	1,5	1,5		2			
2. bekkur	5	4	4	4	4		2			
3. bekkur	5	4	4	4	4		2,5 +1			
4. bekkur	6	4	4	4	4	1	2,5+1		1	1
5. bekkur	6	4	4	4	4		3+1			
6. bekkur	6	4	4	4	4		3	2	1	1
7. bekkur	6	4	4	4	4		3	2	1	1

Heimilisfræði

Helstu markmið

Aðalnámsskrá grunnskóla er höfð til hliðsjónar kennslunni. Helstu markmið eru þau að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða fjölbreyttan og hollan mat. Að þeir átti sig á því að hreinlæti við matargerð sé mikilvægt. Kunni skil á fæðuhringnum og geti mælt með desilítramáli og mæliskeiðum. Að þeir geti gengið frá eftir sig og verið sjálfbjarga heima fyrir ásamt því að temja sér góða siði. Að námið verði heilsteypt.



Nú þarf að mæla rétt í Sparikökur

Uppbygging kennslunnar

Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu. Það sem nemendur læra í 1. bekk er í fullu gildi í 7. bekk. Verkefni verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir, svo sem paraverkefni og einstaklingsverkefni, meðan yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópvinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru stórir.

Kennsluaðferðir

Munnleg innlögn er í hverjum tíma. Sýnikennsla er í flestum verkefnum. Nemendur vinna í hópum, tveir til þrír saman og/eða einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi en í 1.– 4. bekk er bóklegri kennslu blandað með. Í 5.–7. bekk eru teknir tveir til fjórir tímar í bóklegt nám.

Námsefni/gögn

Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk og *Næringarfræði matvæla* útg. Námsgagnastofnun. *Fæðuhringurinn* útg. Lýðheilsustofnun. *Eldum saman*, eftir Guðmund Finnbogason heimilisfræðikennara. Krossgátur. Næringarfræði og þekking matvæla tengd orði af orði og krossglímu.

Námsmat

Námsmatið er markmiðabundið og merkt við frammistöðu nemenda í *Námsframvindu* í *Mentor*.

Nýbreytni

Í vetur er haldið áfram með nám í umhverfisfræðslu. Nú var lögð mikil áhersla á að flokka allt sem fellur til í skólastofunni og reynt að hafa sem minnst óflokkanlegt rusl. Í 5. bekk unnu nemendur veggspjöld í hópum þar sem þeir áttu að kynna nýja verslun. Þeir gáfu versluninni nafn, klipptu út alls kyns mat og fleira úr dagblöðum og verðmerktu. Síðan kynnti hver hópur sitt spjald munnlega.

Hvað hefur gengið vel – má betur fara

Veturinn hefur gengið vel. Hegðun nemenda almennt góð og þau sýna náminu áhuga. Hópar yngri bekkja eru mjög stórir og þar vill stundum vera erfitt að fá nemendur til að fara að fyrirmælum.

Það er alltaf jafn mikil ánægja með þorablót 6. bekkinga og árshátíð 7. bekkinga. Báðar þessar hátíðir gengu mjög vel og eru algerlega búnar að festa sig í sessi sem hápunktir skólastarfsins.

Húsnæði – aðstaða

Vísað er til fyrri ársskýrslna. En allt stendur þetta til bóta, því hönnunarvinna er hafin í tengslum við nýja byggingu fyrir list- og verkgreinar.

Annað

Það er ánægjulegt að vera með í ráðum við hönnun og útfærslu á byggingu nýrrar álmu list- og verkgreina við Hofsstæðaskóla.

Áslaug Þorgeirsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Guðrún Pálsdóttir heimilisfræðikennarar



Nemendur setja smákökudeig á plötur

Myndmennt



„Fjallamjólk“ málverk eftir nemanda í 6. bekk

Skipulag kennslunnar

Myndmennt hefur verið kennd í námskeiðaformi eins og aðrar verklegar greinar. Flestir nemendur hafa mætt tvisvar í viku, tvo tíma í senn, í sex vikur. 1. bekkur kom einu sinni í viku samtals átta sinnum. Námskeiðaformið hefur reynst mjög vel, sérstaklega vegna þess að nemendur koma tvisvar í viku og góð kynni skapast á milli kennara og nemenda. Nemendur eru líka fljótir að koma sér að vinnu þegar ekki líður lengri tími á milli kennslustunda.



Myndverk eftir nemanda

Kennsluáætlanir í myndmennt reyndust raunhæfar. Flest allir nemendur náðu að skila fyrirfram ákveðnum verkefnum og margir náðu að gera aukaverkefni. Í 1. bekk byrjar kennslan á að nemendur læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna. Litafræði er bætt við í 2. bekk þar sem myndbygging skipar stóran sess. Í 3. bekk er haldið áfram og farið lengra með efnið og litafræðina. 4. bekkur fer dýpra, meira farið í uppbyggingu kyrralífs og fjarvídd tekin fyrir. 5. og 6. bekkur nýtir sér gullinsnið Leonardós. Þannig var haldið áfram, nemendur leiddir áfram með það í huga að byggja ofan á fyrra nám. Mismunandi aðferðir í leirmótun eru kenndar í 1.-5. bekk. 7. bekkur vinnur í glerbrennslu.

Lögð er áhersla á að kynna listamenn og listastefnur í myndmennt. Þeir listamenn sem eru sérstaklega kynntir, fjallað um og unnið útfrá eru: Kristín Jónsdóttir, Ásgrímur Jónsson, Kjarval, Erró, Van Gogh, Leonardó, Picassó o.fl.

Til að færa listina nær nemendum eru útilistaverk í Garðabæ skoðuð á netinu og í nánasta umhverfi.

Fjölgreindaleikar voru á þemadögum í nóvember. Nemendur komu í litlum hópum og unnu sameiginlega að stærra verkefni sem notað var á *Degi gegn einelti* á Garðatorgi.

Þorablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í myndmennt var að skreyta salinn með furðurollum.



Áhugasamir nemendur í 7.bekk.

Árshátíð 7. bekkinga er einnig árlegur viðburður. Nemendur skreyttu salinn með myndum af Hofsstæðaoóskarnum en það var þema hátíðarinnar í ár. Teiknaðar voru risa myndir af Óskarsverðlaunum í mismunandi útgáfum. Myndirnar voru málaðar, klipptar út og hengdar upp á vegg í salnum. List- og verkgreinagangurinn var lagður rauðum dregli, svartir dúkar þöktu vegg og geisladiskar gáfu líflegt yfirbragð.

Myndlistarsamkeppnir

Nemendum í 4. bekk var boðið að taka þátt í teiknimyndasamkeppni í tilefni Skólamjólkur-dagsins. „Mjólk er góð“, var slagorð keppinnar. Öllum nemendum á landinu í 4. bekk var boðin þátttaka og sendu flestir skólar landsins inn myndir. Veitt voru verðlaun fyrir 10 bestu myndirnar. Verðlaun fyrir hverja mynd voru 25.000 kr. sem runnu í bekkjarsjóð vinningshafa. Einn af nemendum skólans fékk verðlaun og peningarnir verða nýttir í eitthvað skemmtilegt fyrir bekkinn hans.



Verðlaunamynd eftir Manúel Breka 4.GG.

Landssamband íslenskra frímerkjasafnara bauð nemendum í 5. bekk að taka þátt í teiknimyndasamkeppni í tilefni frímerkjasýningar sem haldin verður í íþróttamiðstöðinni Ásgarði dagana 7.-9. júní 2013. Nemendur í myndmennt sendu myndir í keppnina. Þemað var íþróttir. Ákveðið var að nemendur í Hofsstaðaskóla tækju fyrir einstaklingsíþróttir. Allir nemendur munu fá viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Þrír nemendur fá verðlaun sem eru örð af viðkomandi mynd sem gert er að einkafrímerki sem Íslandspóstur gefur út.



Ein af myndunum sem send var í keppnina

Námsmat

Námsmati er þannig háttað að hver nemandi fær umsögn og markmiðabundið námsmat. Námsframvindan hefur gefist vel í myndmennt en spurningin er hvort bagalegt sé að nemendur fái ekki vitnisburð í list- og verkgreinum á útprentuðu vitnisburðarblaði?

Margmiðlun

Í vetur hefur skjávarpi verið mikið nýttur í kennslunni. Nemendur og kennari hafa ferðast vítt og breytt á netinu. Fræðst enn frekar um listamenn sem fjallað er um, „googlað“ hugtök, farið á söfn, skoðað útilistaverk í Garðabæ og fleira. Að hafa fastan skjávarpa í myndmennatstofunni er nauðsynlegt til að geta fylgt nútímalegum kennsluháttum eftir.

Framtíðarsýnin er björt. Nýtt húsnæði í sjónmáli fyrir list- og verkgreinar. Kærkomið að stækka rýmið og bæta verulega aðstöðu kennara og nemenda.

Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari

Textílmennt

Helstu markmið kennslu í textílmennt eru:

- Að nemendur njóti sín í tímum
- Að nemendur læri á þau verkfæri sem notuð eru tímum
- Að nemendur byggji ofan á fyrri reynslu
- Að nemendur ljúki verkefnum sem unnið er að

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvernar lotu. Farið er yfir verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og verkfæri sem þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða sem hentar hverjum og einum. Kenna þarf nemendum samvinnu, tillitsemi, hjálpsemi og þolinmæði. Mikil áhersla er lögð á að nemendur nái að ljúka verkefnum sínum.

Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám. Tveir eða fleiri nemendur vinna saman, sá nemandi sem er á undan með verkefnið hjálpar þeim sem er á eftir. Byrjað er á þessu strax í fyrsta bekk. Í textíl fer fram einstaklingsmiðað nám, hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara, ýmsar bækur og blöð.

Námsmat

Námsmat er í formi umsagna og notast er við námsframvindu í mentor.



Úr þrjónastund

Hvað hefur gengið vel

Yfir höfuð hefur kennslan gengið vel og markmiðum verið náð. Verkefnaval hentaði fyrir hvern árgang. Merkja má aukinn áhuga drengja á þrjóni.

Kennsluhættir /þrjón

Sem dæmi um vel heppnað verkefni er þrjónastund í 3. bekk.

Vettvangsferðir/útikennsla

Nemendur í 2. bekk þæfa ull utan um stein sem þeir týna í vettvangsferð. Í haust fóru textíl- og smíðahópar út og skoðuðu nánasta umhverfi skólans. Áhersla var á að skoða gróður og fjölbreytileg og ólík strá.



Smíði og textíl

Annað

Þorablót 6. bekkinga gekk vel að vanda. Nemendur í textíl sáu um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda í smíði. Árshátíð 7. bekkja er einnig orðin árlegur viðburður og sáu nemendur í textíl og smíði um skreytingar í sal, á list- og verkgreinagangi, borðskraut og borðdúka.

Ester Jónsdóttir, textílkennari

Smíði

Helstu markmið

Að nemendur gangi um smíðastofuna af virðingu, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs. Þeir vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið.

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er með nemendum yfir hvaða verkfæri og eða efni þeir koma til með að nota og hvernig. Hver og einn nemandi vinnur að sínu verkefni og á sínum hraða. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sínu.

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla. Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara.

Námsmat

Námsframvinda, er markmiðabundið námsmat og umsögn í *Mentor*.

Húsnæði - aðstaða – verkfæri

Mikil þrengsli eru í smíðastofunni og erfitt að koma nemendum fyrir þar sem þeim hefur fjölgað. Nokkrir hópar eru óþægilega stórir. Lélegt aðgengi er að vélum, sem skapar mikla hættu og óþægindi þegar verið er að vinna við tækin. Tækjakostur er af skornum skammti. Vegna þrengsla vantar t.d. borðsög, rennibekk o.fl. Efnisgeymsla er ófullnægjandi og geymslurými fyrir smærri verkfæri er einnig ábótavant. Lofttræsting er léleg, auk þess vantar útsog frá sög. Loftpressu vantar svo hægt sé að blása ryk af hlutum áður en málað er og af fatnaði, svo ryk berist ekki um allan skólann. Örlitlar endurbætur hafa verið gerðar á stofunni s.s. útsog frá brennipenna en það dugar ekki til.

List og verkgreinar eru allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við. Þörf er á að stækka rýmið fyrir smíði eins og kom fram hér á undan. Oft er erfitt að finna pláss fyrir þá starfsemi sem þar á að fara fram auk þess sem fjölga mætti tækjum. Smíðin og myndmenntin deila með sér herbergi þar sem leirofn, glerofn, sagir, borvélar og geymsla fyrir timbur, frauð, málma, gler leir o.fl. er allt saman í litlu rými. Ekki fer vel að fá sag og ryk í glervinnu og hitann af ofnum, ásamt ólofti sem frá þeim kemur leggur inn í smíðastofuna og er óæskilegt fyrir lungu kennara og nemenda.

Annað

Þorablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í smíði var að sjá um borðdúka og borðskaut í samvinnu við hóp nemenda úr textíl. Árshátíð 7. bekkinga er einnig orðinn árlegur viðburður og sáu nemendur í smíði og textíl um skreytingar í sal, á list og verkgreinagangi, borðskaut og borðdúka.

Vettvangsferðir/Útikennsla: Í haust fóru smíða- textílhópar út og skoðuðu nánasta umhverfi við skólann. Áhersla var lögð á að skoða gróður og sérstaklega fjölbreytileg og ólík strá.



Safnaferðir: Smíða og textílhópar fóru í heimsókn á Hönnunarsafn Íslands og skoðuðu tvær sýningar í vetur, *Hvít jól* og *Hlutirnir okkar*.



Lampakeppni Hofsstaðaskóla

Nemendur í 6. bekk bjuggu til og hönnuðu lampa. Í lampann fengu nemendur 20 ljósa seríu og endurnýttu ýmislegt tilfallandi efni í skólanum eða komu með umbúðir leikföng og annað dót að heiman. Að lokum fóru allir lamparnir í *Lampakeppni Hofsstaðaskóla*. Veitt voru 1., 2. og 3. verðlaun auk þess sem valinn var *Hönnuður Hofsstaðaskóla*. Marel gaf verðlaun í þessa keppni og mætti fulltrúi frá Marel og afhenti verðlaunin. Ástpór Ragnarsson úr lðnskólanum í Hafnarfirði valdi vinningslampana.



Verðlaunahafar ásamt fulltrúum Marel



Verðlaunalampar vorið 2013

Nýsköpun

Í 5. bekk var kennd nýsköpun og fá nemendur 60 mínútur vikulega í átta skipti. Nemendur vinna hver og einn að sinni hugmynd, vinna veggspjald og gera jafnvel sýnishorn af hugmyndinni. Að vori er haldin *Nýsköpunarkeppni Hofstaðaskóla* og í ár gefur *Marel* vegleg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar.



Verðlaunahafar í Nýsköpunarkeppni Hofsstaðaskóla

Nýsköpun er auk þess kynnt fyrir öllum nemendum skólans. Ef nemendur eiga afgangs tíma í smíði vinna þeir hugmynd í nýsköpun og senda hugmyndina sína í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna*. Í ár var þátttakan mjög góð.

Árangur

Að mati kennara hentaði verkefnaval fyrir hvern árgang fyrir sig vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun. Aukning er á innsendum hugmyndum í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna*. Góður árangur var í *Lampakeppni Hofsstaðaskóla* hjá nemendum í 6. bekk. Aukinn áhugi hjá nemendum og miklar framfarir í sjálfstæðum vinnubrögðum.



Ráðherra menntamála fræðist um nýsköpunarkennslu



Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2012-2013 var metþátttaka hjá nemendum Hofsstaðaskóla. Síðastliðið haust voru úrslit tilkynnt og hlaut Hofsstaðaskóli gullverðlaun fjórða árið í röð. Sex nemendur frá skólanum komust í vinnusmiðjur og tveir af þeim unnu til verðlauna sem er frábær árangur.

Sú nýbreytni varð nú í vor að keppnin var haldin aftur í maí og þ.a.l. voru tvær lokahátíðir á skólaárinu. Skemmst er frá því að segja að Hofsstaðaskóli kom, sá og sigraði í ár í fimmta sinn í röð. Fulltrúar skólans í vinnusmiðjunni voru 16 af alls 50 keppendum og komu níu af tólf verðlaunum í hlut nemenda skólans. Í ræðu sinni á eftir veðlaunaafhendingunni benti Forseti Íslands nýjum ráðherra menntamála á að skoða nánar hvers vegna Hofsstaðaskóli næði þessum frábæra árangri ár eftir ár. Í kjölfarið heimsótti ráðherra skólann og kynnti sér kennslu í nýsköpun í skólanum og óskaði nemendum, kennurum og stjórnendum til hamingju með starfið og árangurinn.

Sædís S. Arndal smíðakennari



Fulltrúar skólans haustið 2012



Glaðar stúlkur í vinnusmiðju vorið 2013



Verðlaunahafar 2012 með forseta Íslands



Verðlaunahafar í nýsköpunarkeppninni vorið 2013

Tónmennt



Samspil á árshátíð 7. bekkja

Tónmennt

Helstu markmið

Unnið er samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og skólanámskrá sem birtist í námsvísunum.

Uppbygging kennslunnar

Mikil áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik.

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Talsvert er um samvinnunám í minni og stærri hópum. Einstaklingsverkefni eru unnin. Áhersla er lögð á söng, hreyfingu, hljóðfæraleik og verkefni í vinnubók. Þemaverkefni eru unnin og oft í samvinnu við bekkjarkennara. Sem dæmi má nefna álfar og tröll í samvinnu við 1. bekk. Þemavinnan er t.d. um tónskáld og hermitónlist. Það er

kennt í lotukennslu í 6. og 7. bekk og koma nemendur að meðaltali 1x80 mín í 6 vikur. Kvikmyndatónlist er þemað í 6. bekk og rafmagnað samspil í 7. bekk. Lotukennslan hefur gengið vel í vetur en fyrir næsta vetur þarf að fjölga tímum í tónmennt í 6. og 7. bekk.

Námefni/gögn

Námsefni í tónmennt er frá Námsgagnastofnun, efni úr smiðju kennara, tónlist af diskum, myndbönd o.fl.



Kórinn söng við móttöku erlendra gesta

Námsmat

Matið er innbyggt í vinnuferlið, og framlag nemanda er metið jafnóðum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Vitnisburður að vori er gefinn í orðum í 1. og 3. bekk en í tölustöfum í 4. og 5. bekk og byggir á símati vetrarins auk lokakönnunar í sumum tilvikum. Leiðsagnarmat er í 6. og 7. bekk.

Húsnæði – aðstaða

Aðstaðan er mjög góð, gott pláss er fyrir hljóðfæraleik og dans. Huga þarf að því að setja upp hljóðeinangrað hljóðfæra- og hljómsveitarherbergi í skólanum. Einnig þyrfti að hljóðeinangra tónmenntastofuna svo tónlistin trufla ekki kennslu í nálægum stofum.

Veturinn gekk vel, allir árgangar voru jákvæðir og tóku virkan þátt í söng og hljóðfæraleik. Samvinna milli bekkjarkennara og tónmenntakennara hefur aukist og sungin eru lög og samin tónverk sem tengjast þeim sem árgangurinn er að vinna að.

Hljómsveit skipuð nokkrum nemendum úr 7. bekk var starfandi við skólann en hún spilaði m.a. á jólaballi eldri nema og tók þátt í hæfileikakeppni 7. bekkjar. Einnig var starfandi hljómsveit í 6. bekk sem m.a. spilaði á þorablóti nemenda.

Skólakór

Kórinn hóf starfsemi sína í september og æft var einu sinni í viku, 60 mín í senn og oftast þegar þörf var á. Í kórnum voru nemendur úr 4.–7. bekk. Unnið var að því að byggja upp söng og sönggleði og þjálfva hlustun á sjálfan sig og aðra. Einnig var unnið með samvinnu, það að vera í hóp, framkoma er þjálfuð, sungnir keðjusöngvar og tveggja radda lög. Sungin er tónlist frá öllum tímum og á nokkrum tungumálum. Kórinn syngur hreint og sönggleði er mikil. Ekki er gefin einkunn fyrir þátttöku í kórnum.

Kórinn söng í jólamessu skólans, heimsótti leikskólann Akra í desember. Kórinn söng við móttöku erlendra gesta sem tóku þátt í Comeniusarverkefninu *Rainbowtree*. Söngleikurinn *Ávaxtakarfan* var settur upp á vordögum og tókst með ágætum. Kórinn tók þátt í Landsmóti íslenskra barnakóra í apríl. Aðstaðan er mjög góð, æft í tónmenntastofunni, salnum og í miðrými skólans.

Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari



Ungir fiðluleikarar á sal

Íþróttir

Helstu markmið

Að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt, allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf sína. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.

Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í Mýrinni og úti að hausti og vori.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, hring- og stöðvapjálfun og „sýna- herma“ aðferðinni.

Námsefni/gögn

Allt það sem til er í íþróttahúsinu.



Norræna skólahlaupið 2012

Námsmat

Í 1–3. bekk er námsmat byggt á símati þar sem metin er virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum og er matið huglægt. Í 4.–7. bekk er námsmat byggt á símati þar sem virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum (huglægt mat) gildir 60% af annareinkunn. Almennir þættir hreyfifærni þ.e. samhæfing, þol og kraftur eru metnir og gilda 40% af annareinkunn.

Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer ýmist fram í hálfum eða öllum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið og kom hann ekki vel út úr hávaðamælingu sem gerð var á vegum Vinnueftirlitsins. Til stendur að setja upp plötur á vegg til dæmpunar á hávaða. Hægt er að nota hljóðnema við kennslu sem er kostur þegar ná þarf til alls hópsins sem er dreifður um salinn. Hátalarakerfi nýtist vel við notkun tónlistar í kennslu.



Teygt á í útileikfimi

Annað

Hreyfiproskaprófið "MOT 4-6" eftir *Zimmer* og *Volkamer* frá árinu 1984 var lagt fyrir 1. bekk á haustdögum. Prófið mælir hreyfiproska barna á aldrinum 4-6 ára. Það inniheldur 18 verkefni sem kanna líkamsliðleika, samhæfingu, færni, fínhyrningar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stöðkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Prófið var framkvæmt í íþróttatímum með aðstoð stuðningsfulltrúa. Hver og einn hafði umsjón með ákveðnum verkefnum og var því prófið framkvæmt af sama aðila á hverri stöð. Niðurstöðum úr prófinu var komið áfram til deildarstjóra sérkennslu. Foreldrar fengu niðurstöður úr prófinu í foreldrasamtali í október. Þeim var gefin kostur á að koma til íþróttakennara og skoða prófið. Niðurstöðurnar úr prófinu eru nýttar áfram í íþróttakennslunni þar sem unnið er áfram með grunnþætti grófhreyfinga og jafnvægis.

Norræna skólahlaupið fór fram þriðjudaginn 31. ágúst. Markmiðið með norræna skólahlaupinu er að leitast við að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og auka með því útiveru og hreyfingu og að kynna og skýra nauðsyn þess að hreyfa sig, reyna á líkama sinn og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Að þessu sinni tóku 424 af 452 nemendum Hofsstaðaskóla þátt. Allir fóru einn hring sem var 2,5 km og fóru margir fleiri hringi, allt upp í 15 km. Hlaupnir voru alls 1717,5 km. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er hringvegurinn eða þjóðvegur númer 1 nú 1333,41 km að lengd.

Danskennsla var í íþróttum í eina viku eftir áramót. Þorablót 6. bekkinga var haldið 6. febrúar, þar sem nemendur gátu nýtt kunnáttu sína og sýnt foreldrum. Danskennslan gekk vel fyrir sig og væri mjög þarft að setja danskennslu reglulega inn í stundaskrá nemenda.



Þorablót 2013

Hið árlega Vímuvarnarhlaup Lions var haldið 15. maí og kepptu 5. bekkingar innbyrðis. 5. HS sigraði þetta árið. Lionskonur komu og voru viðstaddar hlaupið ásamt því að veita verðlaunabikar.



Vinningsliðið, 5. HS ásamt Lionskonum

Íþróttadagur var haldinn 5. júní og gekk mjög vel. Í ár var deginum skipt niður á sex stöðvar fyrir yngri hópinn, 1.-4. bekk og sex stöðvar fyrir eldri hópinn 5.-7. bekk. Hver stöð tók 20 mínútur og fengu nemendur fimm mínútur til þess að skipta um stöð. Í hádeginu fengu nemendur grillaðar pylsur. Dagurinn endaði síðan með samveru allra nemenda og kennara í íþróttahúsinu þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk.



Tekist á við kennara



Allir hlaupa af stað

Ekki var Hofsstaðaskóli með í skólaþrífaut á vegum FRÍ í ár. Frjálsíþróttasambandið ákvað að fela aðildarfélögum umsjá með þessari keppni og bárust því upplýsingar um hana ekki til skólanna fyrr en seint og um síðir og var ákveðið að taka ekki þátt í ár.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir



Íþróttadagur 2012

Sundkennsla

Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

Uppbygging kennslunnar:

1. bekkur: Nemendum var skipt í fjóra 13 manna hópa sem fengu 17 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
2. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 12 - 14 manna hópa sem fengu 20 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
3. bekkur: Nemendum var skipt upp í fimm 11 – 12 manna hópa sem fengu 19 – 21 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur og 1 sinni 40 mínútur.
4. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex 12 manna hópa sem fengu 16 – 17 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur og einu sinni 40 mínútur.
5. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 12 – 14 manna hópa sem fengu 19 - 21 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni 40 mínútur.
6. bekkur: Nemendum var skipt í sex 12 - 13 manna hópa sem fengu 11 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur.
7. bekkur: Nemendum var skipt í sex 10 - 12 manna hópa sem fengu 10 – 11 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.

Kennsluaðferðir

Kennsla fór fram með hefðbundnum hætti. Æfingar í leikjaformi, stöðvaþjálfun og niðurbrot sunds þar sem að einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

Námsefni/gögn

Allt það dót sem fylgir sundlauginni í Mýrinni.

Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá og einkunn gefin fyrir hvern þátt í námsframvindunni í *Mentor*.

Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug 10 x 16 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Að mati kennara hentar laugin mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna.

Annað

Lotuskipting í sundi hefur reynst vel þar sem að nemendur fara ört í sund og eru þá fljótir að tileinka sér undaðferðir sem kenndar eru. Yngstu nemendurnir sem eru vatnshræddir fá örari þjálfun og eru því fljótir að aðlagast vatninu. Það getur verið hætta á því að það líði of langur tími þar til að nemendur fari aftur í sund þegar að lotunni líkur.

Þar sem að lotunum er skipt upp með list- og verkgreinum næst ekki að uppfylla tímafjölda samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla og að mati kennari þyrfti að bæta við sundtímum hjá öllum árgöngum til að uppfylla viðmiðið. Í nýrri reglugerð sem gefin var út nú í vor er kveðið á um að þegar sund sé kennt í lotum þá eigi hver nemandi að fá a.m.k. 800 mín. alls. Markmið skólans er að ná að uppfylla það.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir

Skýrsla deildarstjóra sérkennslu

Í vetur voru fjórir sérkennarar starfandi við sérkennslu, þær Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu sem kenndi aðallega í 7. bekk, Bergljót Vilhjálmisdóttir sem kenndi í 3. 5. og 6. bekk, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir sem kenndi í 4. 5. og 6. bekk og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sem kenndi í 1., 2., 3. og 4. bekk. Guðrún Pálsdóttir kenndi tvo tíma á viku fyrir áramót í 5. bekk, Hrönn Kjærnested kenndi í 2 tíma á viku í 7. og 4. bekk og Björg Jónsdóttir kenndi í 2 tíma á viku í 3. bekk fyrir áramót. Sérkennsla fór aðallega fram inn í sérkennslustofum en í 2. 5. og 7. bekk voru tímabil þar sem sérkennarar komu í bekk. Tveir þroskaþjálfar voru starfandi við skólann, Ragnhildur Sigurðardóttir og Anna Laxdal. Fjórir stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann. Það voru þær Agnes Kragh, Sigurborg A. Helgadóttir, Melissa G. Haire og Sigríður Kragh. Elva Björk Ágústsdóttir var námsráðgjafi við skólann fram að áramótum í 100% starfi en fór þá í 50% starf og Arndís H. Einarsdóttir tók við 100% starfi námsráðgjafa við skólann 1. mars. Gréta E. Pálsdóttir talmeinafræðingur kom vikulega í skólann og Trausti Valsson skólasálfræðingur kom vikulega en bætti öðrum degi við í byrjun febrúar og hélst þannig út skólaárið.

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Þroskaþjálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár og aðlögun námsefnis/prófa. Þroskaþjálfar og sérkennarar sjá einnig um greiningu námserfiðleika og þeir taka stöðu nemenda. Gerð er skýrsla um alla þá nemendur sem fá þjónustu innan sérkennslunnar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og kyn þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst. Í sumum tilvikum er um að ræða sama nemendann sem fær mismunandi þjónustu.

Sérkennsla og sérfræðiþjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara				Greining/ þjónusta sálfræðings			Greining/ þjónusta talmeinafræðing	
							Íslenska		Stærð- fræði						
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.
1.	7	2			1		4	1			2		1	3	1
2.	8	7	3	1	4		6	1			6	1		3	4
3.	9	4	5	8	2	1	1	1			3	1	2	2	
4.	12	6	5	3	1		2	1			7	3	1	2	1
5.	7	10		5	2	2	1				2		3	1	1
6.	8	4	6	2	3	2	1				1	2			1
7.	5	7	3	3	1	1					2	4			
Alls	56	40	22	22	14	6	15	4			23	11	7	11	8

Önnur þjónusta

Frávíkspjónusta í prófum hefur verið veitt hjá sérkennurum. Hún felur í sér m.a. lengri próftíma, lesara, skrifara, munnlegt próf, aðlagð próf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi tekið aðlagð próf, próf samkvæmt einstaklingsnámskrá eða ef tekið er tillit til stafsetningar, kemur það fram á vitnisburðarblaði. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem það á við, í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og vinnuumhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við. Þroskaþjálfar sjá einnig um að vinna með félagsleg samskipti nemenda. Nýbúum er boðið upp á viðtal með túlki þar sem þeim er kynnt tólmstundaúrræði í Garðabæ og þeir aðstoðaðir við að sækja um úrræði, þetta er gert að hausti og aftur að vori.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildarstjóri sérkennslu, deildastjórar yngra og eldra stigs, námsráðgjafi, skólastjóri og sálfræðingur sátu alla fundina. Þegar mál ákveðinna nemenda voru rædd voru umsjónarkennarar látnir vita og þeim boðið að sitja fundinn. Oft höfðu umsjónarkennarar frumkvæði að því að mál nemenda þeirra væru tekin fyrir. Anna Karin Júlíussen og Ólöf B. Halldórsdóttir félagsráðgjafar, Bryndís Jóhannsdóttir hjúkrunarfræðingur og Helga Ágústsdóttir fulltrúi frá Heilsugæslunni voru boðaðar mánaðarlega á fundi í allan vetur.

Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu a.m.k. einu sinni í viku með deildarstjóra sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu og stuðningsfulltrúar funduðu mánaðarlega. Deildarstjóri sérkennslu og þroskaþjálfar funduðu a.m.k. einu sinni í mánuði á skólaárinu. Reglulegir fundir voru með kennurum sem kenndu sérkennslu og deildarstjóra sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu fundaði auk þess reglulega einn með námsráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.



Samvinna nemenda í 1. bekk á 100 daga hátíðinni.

Lestarpóf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir þrisvar sinnum á árinu og þeir sem voru undir viðmiðum árgangs voru prófaðir fimm sinnum. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2.-7. bekk að hausti og í maí og nemendur undir viðmiðum í mars. Umsjónarkennarar sáu um að lestrarprófa nemendur undir viðmiðum í október og alla

nemendur í janúar. Umsögn er gefin með lestrinum í janúar og maí fyrir nemendur í 2. til 7. bekk. Staða nemenda kemur fram á námsframvindu í 1. bekk. *Lt/l.* prófið var notað í 1. bekk og voru allir nemendur árgangsins prófaðir í október, janúar og maí. Í lestrarprófum er alltaf gefinn upp atkvæðafjöldi og villuprósentu eða nákvæmnislestur og er miðað við að ásættanlegt sé að nemendur lesi með færri en 3% villum. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ná viðmiðum hvers árgangs í lestri undanfarin 3 ár. Í vetur var lagt upp með að 70% nemenda næðu viðmiðum árgangsins. Viðmiðum árgangsins var breytt í vetur í 2. til 7. bekk.

Fjöldi nemenda skólaárin 2011 – 2013 sem náðu viðmiðum árgangs í lestri (atkvæðum á mínútu).

Skólaárið 2013

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	100-134	155-170	185-200	210-220	220-230	230-250
Hlutfall nemenda í maí 2013		64%	85%	73%	76%	77%	65%	68%

Skólaárið 2012

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	220	250	270
Hlutfall nemenda í maí 2012		76%	56%	61%	72%	62%	47%	50%

Skólaárið 2011

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	220	250	270
Hlutfall nemenda í maí 2011		77%	60%	63%	75%	65%	49%	36%

Einstaklingsnámskrágerð

13 nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá í vetur. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfra. Miðað var við að þeir nemendur fengju einstaklingsnámskrá sem vikju verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem voru með veruleg frávík í hegðun. Allar einstaklingsnámskrár voru gerðar með samþykki og samvinnu foreldra. Lokaskýrslur voru unnar fyrir alla nemendur sem unnu samkvæmt einstaklingsnámskrám.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í upphafi skólaárs var deildarstjóri sérkennslu með kynningarfyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Fjallað var um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra.

Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar og m.a. unnið með *Orð af orði*. Unnið var með *iPad* í sérkennslu og er það nýbreytni sem gafst vel. Bekkjarkennarar skiptu í hópa í „Markvissri málörvun“ í samráði við talmeinafræðing og deildarstjóra sérkennslu og fór hluti kennslunnar fram hjá sérkennara. Hóparnir voru fjórir fram í lok nóvember en þá var þeim skipt aftur niður á bekki en einn hópur úr öllum bekkjum hélt áfram í sérkennslu daglega. Sérkennari tók stafa- og lestrarkönnun hjá einstaka nemendum í október, allir nemendur tóku *Ltl*. Allir nemendur í 1. bekk voru raddlestrarprófaðir eftir *Ltl*. prófunum í janúar og að vori, skráð var í námsframvindu hvar nemendur voru staddir í lestrarferlinu. Málþroskaprófið *TOLD-2P* var lagt fyrir einn nemanda og *Hljóðfærniþrófið* var lagt fyrir sex nemendur.

Bekkjarkennarar lögðu Lestrarskimunarprófið *LES I* fyrir nemendur í apríl. Fjórir nemendur fengu tvo tíma á viku hjá þroskaþjálfra í málörvandi verkefnum, einn þeirra vegna nýbúafræðslu.

2. bekkur

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á *Orð af orði*, lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund. Sérkennari vann í tveggja kennara teyrum í öllum bekkjum í 2. bekk í mars og apríl í tvær vikur í senn. Í janúar fengu nokkrir nemendur námskeið í undirstöðupáttum stærðfræðinnar. Unnið var með *iPad* í litlum hópum. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. Bekkjarkennarar lögðu Lestrarskimunarprófið *LES II* fyrir nemendur í apríl. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Fjórir nemendur fengu nýbúakennslu. Lestraráttak „*Lesum saman*“ (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn, 11 nemendur tóku þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Málþroskaprófið *TOLD-2P* var lagt fyrir tvo nemendur. Einn nemandi vann samkvæmt einstaklingsnámskrá.

3. bekkur

Í sérkennslu í 3. bekk var unnið með *Orð af orði*, lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund og stærðfræði. Unnið var með *iPad* í einstaklingsvinnu. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir tvo nemendur. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Tvenns konar lestrarátak (samstarf foreldra og nemenda) var í boði á vorönn og tóku sjö nemendur þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur.

4. bekkur

Sérkennsla í 4. bekk fór fram í sérkennslustofu. Lögð var áhersla á *Orð af orði*, lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund í íslensku. Unnið var með *iPad* í einstaklingsvinnu. Í stærðfræðihópunum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í að finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir þrjá nemendur. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustu. Sótt var

um frávik fyrir fjóra drengi og þrjár stúlkur í íslensku og undanþágu fyrir einn. Í stærðfræði var sótt um frávik fyrir fimm drengi og þrjár stúlkur. Fjórir nemendur fengu auk þess að taka prófin í rólegum aðstæðum. Boðið var upp á tvenns konar lestrarátak (samstarf foreldra og nemenda) á vorönn, fjórir nemendur tóku þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Deildarstjóri sérkennslu kynnti lesskilningsverkefni í öllum 4. bekkjunum, bekkjarkennarar fylgdu þessum verkefnum eftir. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Einn nemandi fékk nýbúakennslu.



4. bekkingar á Degi íslenskrar tungu

5. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu. Áhersla var lögð á *Orð af orði*, lestur, lesskilning, ritun og stafsetningu. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra að vori. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda. Fjórir nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu.

Í 5. bekk var færnimiðað nám í stærðfræði. Nemendum var skipt í fimm færnimiðaða hópa. Námsfni, próf og kannanir voru aðlagðar að þörfum sérhvers nemanda. Nemendur fengu að hafa hjálpargögn í könnunum og prófum. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Einn nemandi vann samkvæmt einstaklingsnámskrá.

6. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu og á tveggja vikna tímabili var nemendum skipt þvert á árganga í fimm hópa þar sem sérkennarara sáu um tvo hópa. Áhersla var lögð á *Orð af orði*, lestur, lesskilning og stafsetningu. Unnið var með iPad og er það nýbreytni sem gafst vel. Fimm nemendur fengu nýbúakennslu.

Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og nokkra í maí. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda. Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og ensku. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Einn nemandi var með fartölvu til að nýta í vinnu.

7. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu og var nemendum skipt þvert á árganga í fjórar vikur í íslensku þar sem sérkennari tók einn hóp til skiptis við umsjónarkennara. Unnið var með íslensku og stuðst við bókina *Vítahring*. Unnið var með iPad, aðallega í einstaklingsvinnu.

Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og nokkra í maí. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda. Tveir nemendur fengu nýbúakennslu. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Tveir nemendur unnu með *Foxit reader*. Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og ensku.

Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustuna. Sótt var um frávík í íslensku fyrir sjö drengi og tvær stúlkur í íslensku og einn drengur fékk undanþágu. Átta drengir og tvær stúlkur fengu frávík í stærðfræði. Einn nemandi nýtti sér að taka prófið í rólegum aðstæðum án frávika.

Margrét Einarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2012-2013 urðu þær breytingar 1. mars, að þá hætti Elva Björk Ágústsdóttir störfum og Arndís Harpa Einarsdóttir námsráðgjafi tók við. Eftirfarandi þjónusta var í boði: einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, aðstoð við bekkjarfundi, vinahópar, námstækniráðgjöf og fræðsla, fræðsla um einelti, kynferðislegt ofbeldi, sjálfsmynd og líkamsmynd, vinna samkvæmt eineltisferli skólans, félagsfærnihópar, fræðsla og kennsla um samskiptavanda og lausnir og ráðgjöf vegna prófaundirbúnings. Mikil samvinna var við foreldra/forráðamenn, kennara, sálfræðing, deildastjóra, aðra starfsmenn og stjórnendur skólans.

Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar s.s. námsvandi, félagslegur vandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunarvandi, prófkvíði, vandi í bekk, fjölskylduvandi, einelti og fleira. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari eða aðrir starfsmenn óskuðu eftir aðstoð námsráðgjafa á tilteknu eyðublaði eða með öðrum skriflegum hætti svo sem tölvupósti.

Fjöldi nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa

Nemendur sem leituðu til eða var vísað til námsráðgjafa í vetur voru 173 en það eru 38% af nemendum skólans og 6% aukning frá fyrra ári. Hér eru þó ekki taldir með bekkjarfundir eða fræðsla sem námsráðgjafi tók þátt í eða þegar nemendur komu einu sinni eða tvisvar sinnum til námsráðgjafa. Ekki eru taldir með þeir nýnema sem bættust í nemendahópinn á skólaárinu, en námsráðgjafi hefur hitt hvern nýnema tvisvar sinnum.

Fleiri stúlkur leita til námsráðgjafa en drengi. Ástæður þess eru ekki ljósar, í einhverjum tilfellum er sótt beint um aðstoð sálfræðings án milligöngu námsráðgjafa. Í öðrum tilvikum eru drengir ekki eins viljugir og stúlkur að leita til námsráðgjafa og stúlkur leituðu mun oft af sjálfdáðum til námsráðgjafa en drengir. Námsráðgjafi hefur unnið að því að hanna verkefni og fræðslu sem höfða til drengja. Sú vinna hófst árið 2010 og hefur fjöldi drengja, sem hlutfall allra nemenda er leita til námsráðgjafa, aukist á þeim tíma. Mikilvægt er fyrir námsráðgjafa að halda áfram þeirri vinnu að hanna verkefni og aðferðir í ráðgjöf fyrir drengi. Námsráðgjafi þarf einnig að kynna sig og starfið sitt vel í bekkjum og auka fræðslu inni í bekk svo fleiri drengir njóti góðs af þjónustu hans.

Skipting nemenda eftir þjónustu

Einstaklingsráðgjöf	56 nemendur
Hópráðgjöf	30 nemendur
Bekkjarráðgjöf	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7. bekkur
Kynjaskipt námskeið 2x 80 mín Samskipti - líðan	3.-7. bekkur 93 stúlkur og 56 drengir

Skipting nemenda sem fengu þjónustu eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	Hlutfall af heildarfjölda
1. bekkur	17	33%
2. bekkur	8	12%
3. bekkur	16	28%
4. bekkur	54	77%
5. bekkur	33	49%
6. bekkur	28	42%
7. bekkur	17	25%

Hér sést hlutfall þeirra nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa í hverjum árgangi. Aðeins er talið upp þegar nemandi kemur oftast en einu sinni til tvisvar sinnum til námsráðgjafa eða þegar námsráðgjafi vinnur með hópi nemenda í nokkur skipti. Ekki var unnt að taka saman fjölda nemenda sem koma einstaka sinnum til námsráðgjafa. Í þessari töflu er því aðeins um að ræða frekari aðstoð námsráðgjafa.

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar tvær til þrjár vikur eru liðnar af skólavistinni. Þetta ferli hefur gefist vel.
- Tengslakönnun er framkvæmd í öllum bekkjum skólans, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar og les úr niðurstöðum ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.

- Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og deildarstjórar. Eineltisteymið fundar hálfsmánaðarlega; annan hvern föstudag kl. 14.00-15.00. Námsráðgjafi stýrir teyminu og er virkur í vinnslu eineltismála. Hann fylgir einnig eftir þeim nemendum sem orðið hafa fyrir einelti. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu. Eineltismál koma einnig beint inn á borð stjórnenda og eineltisteymis. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*.
- Námsráðgjafi situr í áfallaráði Hofsstaðaskóla með stjórnendum skólans, ritara og hjúkrunarfræðingi.
- Nemendur í 1. bekk fengu félagsfærnifræðslu og kynningu á leiðum til að leysa vanda.
- Námsráðgjafi tók þátt í fræðslu hjúkrunarfræðings um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur í 1. bekk
- Námsráðgjafi tók þátt í að fá *Blátt áfram* fræðslu fyrir nemendur í 2. bekk og fylgdi verkefninu eftir með kynningu og verkefnavinnu.
- Nokkrir nemendur í 2.-4. bekk tóku þátt á námskeiði sem nefnist *Að stilla skap sitt*. Námskeiðið er hluti af doktorsverkefni nemenda í sálfræðinámi í Háskóla Íslands.
- Drengir í 2.-4. bekk fengu tækifæri til að taka þátt á sjálfsstyrkingarnámskeiði sem nefnist *Fjársjóðsleit*.
- Nemendur í 4. bekk fengu fræðslu og verkefni um sjálfsmynd og líkamsmynd.
- Nemendur í 5. bekk fengu fræðslu um einelti og stríðni.
- Nemendur í 7. bekk fengu kennslu í námstækni í tvær kennslustundir. Þá var bekkjum skipt upp í minni hópa og fræðsla í boði hjá námsráðgjafa.
- Nemendur í 7. bekk fengu fræðslu um sjálfsmynd og líkamsmynd.
- Kynjaskiptir nemendahópar fengu fræðslu og kennslu vegna samskiptavanda og lausna á algengum vanda sem upp koma í samskiptum drengja, annars vegar og stúlkna hins vegar. Byggt er á nýlegum íslenskum rannsóknum m.a. á stelpueinelti (Ingibjörg Auðunsdóttir. 2012). Einnig er byggt á *Olweusaráætlun* gegn einelti (ÞHH. 2013) og *Uppbyggingarstefnunni* (William Glasser).
- Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir hvern mánudag. Námsráðgjafi sat alla fundi nemendaverndarráðs, enda ber honum lögum samkvæmt skylda til að sitja í ráðinu.
- Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar hittast reglulega, einu sinni í mánuði yfir veturinn á faglegum samráðs- og handleiðslufundum.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og annarra hefur falist í fundahöldum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað foreldrasamtalsdaga til að hitta námsráðgjafa og fengið einkafundi með námsráðgjafa ef óskað er.
- Útbúin hefur verið skýrsla um þá nemendur sem hafa komið reglulega til námsráðgjafa og er hún geymd hjá deildastjóra sérkennslu.

Eineltismál í Hofsstaðaskóla 2012 – 2013

Breytingar hafa orðið á undanförunum árum á meðhöndlun eineltismála eftir að eineltisteymi tók til starfa og verkefnið *Gegn einelti í Garðabæ* hófst, en það er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar. Deildarstjórar og námsráðgjafar grunnskóla Garðabæjar hafa samvinnu um þetta verkefni. Það er skýr stefna í grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum. Markviss vinna fer í gang þegar eineltismál koma upp. Samstarfsverkefni sem fjallar um forvarnir og aðgerðir gegn einelti hefur verið helsta verkefni þessara samstarfsaðila í vetur og því er nú lokið og má sjá afraksturinn á www.gardabaer.is og www.hofsstadaskoli.is.

Þess má geta að rætt hefur verið um að efla mælingar á einelti í grunnskólunum og er þá helst horft til ítarlegrar könnunar *Olweusaráætlunar* gegn einelti, en málið er enn á umræðustigi.

Við skólann er starfandi eineltisteymi, sem í sitja deildarstjórar og námsráðgjafi og fundar teymið hálfsmánaðarlega. Eineltisteymið fundar einnig reglulega með teyimum úr öðrum grunnskólum Garðabæjar. Þegar eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr teyminu og haft er samráð um viðbrögð og aðgerðir. Í meðferð eineltismála er starfað eftir *Handbók starfsmanna* þar sem skilgreindar eru vinnureglur í eineltismálum. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig bregðast eigi við.

Í mörgum tilfellum, þegar grunur leikur á einelti, er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má nefna fræðslu og þjálfun í samskiptum, vinahópa og félagsfærnihópa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, fundi með deildarstjórum eða námsráðgjafa og nemendum. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á málum er tengjast samskiptum nemenda áður en þau verða að eineltismálum.

Eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Aðgerðir miðast að því hvort um er að ræða *grun um einelti* eða *sannanlegt einelti*. Öll mál sem koma upp eru rannsökuð og skráð.

Frá árinu 2006 hefur námsráðgjafi haft umsjón með skráningum á þeim eineltismálum sem upp koma, hvort sem um er að ræða grun um einelti eða sannanlegt einelti. Mikilvægt er að halda utan um skráningar á einelti til að meta þróun og framfarir í forvörnum og vinnu gegn einelti.

- Skólaárið 2012-2013 voru tilkynnt 3 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2011-2012 voru tilkynnt 4 eineltismál (5.-6. bekkur)
- Skólaárið 2010-2011 voru tilkynnt 9 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2009-2010 voru tilkynnt 7 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2008-2009 voru tilkynnt 9 eineltismál (2.-7. bekkur)
- Skólaárið 2007-2008 voru tilkynnt 3 eineltismál (6.-7. bekkur)
- Skólaárið 2006-2007 voru tilkynnt 2 eineltismál (5.-7. bekkur)



Samkvæmt þessu þá virðist sem eineltismálum fjölgi upp úr 2008 en svo þarf ekki að vera. Samskiptavandamál sem komu þá upp voru oft unnin með félagsfærnihópum, vinahópum eða bekkjarfundum en ekki tilkynnt sem eineltismál. Í dag eru bæði umsjónarkennarar og foreldrar duglegri við að tilkynna svipuð mál sem eineltismál. Í ár virðist þó sem eineltismálum hafi fækkað sem er mjög góð þróun. Vera má að starfsmenn skólans grípi fyrir inn í samskiptavanda en áður og sporni þannig gegn því að vandinn verði að einelti. Starfshlutfall námsráðgjafa hefur einnig aukist frá því árið 2009 og því hægt að sinna samskiptamálum bæði fyrir og meira en áður.

Nauðsynlegt er að vinna áfram í málum er tengjast einelti, fræða starfsfólk og nemendur um einelti. Regluleg könnun á líðan nemenda, stríðni og einelti er stór þáttur í því að sporna við eineltinu og taka á þeim málum sem upp koma. Forvarnarvinna getur verið mjög árangursrík og því mikilvægt að halda bekkjarfundi reglulega, bjóða nemendum og foreldrum upp á vinahópa utan skóla sem og á skólatíma. Fræðsla til nemenda um einelti, stríðni og áhrif þess er mikilvæg. Öll vinna námsráðgjafa og umsjónarkennara í tengslum við einelti er mikilvæg og nauðsynlegt er að styrkja hana enn betur svo sem með aukinni fræðslu til nemenda um einelti fyrir alla árganga. Augu manna hafa í auknu mæli beinst að forvarnarvinnu gegn einelti, með því að kynna nemendum algengan samskiptavanda hjá stúlkum og drengjum. Þetta er gert með kynningu á nýjustu rannsóknum um málið og umræðum þar sem tekin eru dæmi og allir fá að tjá sig. Í kjölfarið eru svo kynntar og þjálfaðar leiðir til lausna á samskiptavanda sem börn standa oft frammi fyrir. Félagsfærnivinna fyrir nemendur sem eiga í vanda með félagstengsl getur nýst nemendum mjög vel þar sem félagsstaða nemendans styrkist. Einnig gagnast ráðgjöf fyrir nemendur með aðstoð kennara, þroskaþjálfara, deildarstjóra, námsráðgjafa eða sálfræðings. Með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda í Hofsstaðaskóla.

Elva Björk Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi til 1/3 2013,

Arndís Harpa Einarsdóttir námsráðgjafi frá 1/3 2013



Fjölbreytt vinna á skólasafninu

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Hann veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans aðstoð í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni. Stefnumörkun, eftirlit með búnaði, innkaup, samskipti við tölvudeild og aðstoð við starfsfólk vegna tæknilegra verkefna/ vandamála tekur sífellt meiri tíma. Starfmenn tölvudeildar sinna símaþjónustu og koma á staðinn ef brýn þörf er á. Í vetur bættust spjaldtölvur við tækjaflóru skólans og voru þær alfarið í umsjón kennsluráðgjafa. Kennsluráðgjafi hefur einnig séð um innkaup, haldið utan um og eignaskráð tölvutengdan búnað s.s. gagnvirkar töflur, myndavélar, prentara, skjávarpa o.fl.

Kennsluráðgjafi sér um notendabjónustu fyrir *Mentor* og kemur að stefnumörkun varðandi notkun á kerfinu. Kennsluráðgjafi fylgist með nýjungum, vefsíðum og námsefni sem nýtist í kennslunni á hverjum tíma. Á haustönn aðstoðaði kennsluráðgjafi umsjónarkennara í 1. bekk við tölvukennslu. Upplýsingamiðlun er einnig stór hluti af starfinu svo og umsjón með vef skólans.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar vinna náið saman og eru tengiliðir við tölvudeild bæjarins. Þeir halda reglulega fundi þar sem farið er yfir ýmis mál er tengjast faginu s.s. aðgengis- og öryggismál, vefi skólanna, hugbúnaðar- og tækjakaup og framkvæmd verkferla.

Tækjabúnaður - aðstaða til kennslu

Í skólanum eru 132 tölvur. Fartölvur eru 64 og borðtölvur 68. Í töflu hér fyrir neðan má sjá fjölda og staðsetningu vélanna.

	Tölvustofa	Fartölvur	Bókaloft	Fartölvuvagn	Bókasafn	Ritþjálfaver	Bekkjarstofa	Vinnuherbergi	Svalir í sal	Sérkennsla	Önnur rými	Samtals
Nemendavélar	26	3	13	15	3	2	12	0		4		78
Kennarar/aðrir starfsmenn	1	45	1	0	1	1	0	2	1		2	54
Samtals	27	48	14	15	4	3	12	2	1	4	2	132

Tölvur sem sérstaklega voru ætlaðar nemendum voru 78 en tölvur fyrir starfsfólk og/eða til stýringa á búnaði voru 54. Nemendur í skólanum voru þetta skólaárið 453 og eru því rétt um sex nemendur um hverja tölvu.

Tölvur í tölvustofu og á bókalofti eru frá því í október 2011 og fartölvur starfsmanna voru nær allar endurnýjaðar haustið 2012.

Aðgangur að þráðlausu neti er á flestum stöðum í skólanum að undanskilinni austurálmú á neðri hæð. Tekist hefur að hljóð- og myndvæða meirihluta bekkjarstofa í skólanum en stefnt er að því að ljúka því verkefni sem fyrst.

Í vetur voru alls níu gagnvirkar „Smartboard“ töflur í notkun. Ein í tölvustofu skólans, sjö veggfastar í kennslustofum (1. bekkur, 6. bekkur og í 5. AMH) og ein tafla á hjólmum í vesturálmú á efri hæð (hjá 2. bekk). Foreldrafélag skólans hefur s.l. ár staðið fyrir fjáröflun til kaupa á

gagnvirkum kennslutöflum. Fastir skjávarpar eru nú 8 í kennslustofum en auk þess eru skjávarpar í: *Höllinni*, (í sameiginlegu rými), myndmenntastofu, tölvustofu, sal, Regnboganum, bókasafni, bókalofti og tónmenntastofu.

Í vetur keypti skólinn nokkrar spjaldtölvur af gerðinni *iPad*. Fyrstu tölvurnar fóru í sérkennsluna en síðan var bætt jafnt og þétt við flotann. Í apríl voru spjaldtölvurnar orðnar 14 þar af voru fjórar í sérkennslu og 10 til útláns vegna ýmissa verkefna. Í skólalok var fjárfest í sjö spjaldtölvum til viðbótar.

Nám og kennsla

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni voru hafðar til hliðsjónar við kennslu í tölvu- og upplýsingatækni. Allar kennsluáætlanir voru uppfærðar fyrir skólaárið 2012-2013. Umsjónarkennarar í hverjum nemendahópi sjá að mestu um kennsluna. Kennslan miðast við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni og eru mismunandi þættir teknir fyrir í hverjum árgangi og þannig myndaður góður grunnur og samfella tryggð í tölvunámi nemenda.

Í kennsluáætlunum er m.a. lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu. Kennarar eru hvattir til að ræða um örugga netnotkun við nemendur, ræða um þær reglur sem gilda um tölvunotkun í skólanum og fara yfir kennsluefni frá *SAFT*. Á vorönn var haldin fræðslufundur fyrir nemendur í 4. bekk og foreldra þeirra um jákvæða og örugga netnotkun barna. Fræðslan var í boði Forvarnanefndar Garðabæjar. Kennarar skólans fengu einnig fræðslu um jákvæða og örugga netnotkun.



Á skólaárinu fengu nemendur í 5. bekk kennslu í forritun. Kennslan fór fram í s.k. Hringekju og fékk hver nemandi 70 mínútna kennslu 1 sinni í viku í alls 7 vikur. Kennari var Rakel Sölvadóttir og hana aðstoðaði Ólína Helga nemandi í 7. bekk skólans ásamt starfsfólki *Skema*. Um var að ræða þróunarverkefni sem gekk út á innleiðingu kennslu í forritun inn í almenna kennslu í grunnskólum. Samhliða var unnið að stórrí rannsókn í samstarfi *Skema* og Háskólans í Reykjavík. Markmið rannsóknarinnar var að skoða þau áhrif sem kennsla í forritun hefur á hugræna getu og líðan grunnskólabarna. Forritunarkennslan gekk vel og er beðið eftir niðurstöðum úr rannsókninni. Nemendur voru almennt áhugasamir, duglegir og létu vel að kennslunni.

Í vetur var skólinn í áskrift að nokkrum náms- og kennsluvefjum s.s. *Kötluvefnum* vegna nýbúakennslu, að *Skólavefnum* og *Rasmus* fyrir alla nemendur skólans en að auki var í vetur keyptur aðgangur að *Mathletics stærðfræðivefnum*. Alls voru leyfin 99 og voru þau nýtt í fjölmörgum stærðfræðihópum. Fjöldi kennara nýtti þar að auki tækifærið og skráði nemendur til leiks á s.k. Evrópuleika á *Mathletics vefnum* sem fram fóru 6. – 7. nóvember 2012. Þátttaka á leikunum kostar ekki neitt. Mikil og góð stemning myndaðist í skólanum og voru nemendur mjög áhugasamir og stóðu sig með miklum sóma. Alls tóku 250 nemendur þátt, 8 bekkir og 10 stærðfræðihópar. Á þessum tveimur dögum leystu þeir 493.128 spurningar. Farið var yfir árangur nemenda á sal og veittar viðurkenningar í yngri og eldri deild.

Hver bekkur fékk í vetur eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Auk þess fengu nemendur í hverjum árgangi kennslu í smærri hópum. Kennslan fór fram í lotum (LV eða Hringekju) og var kennslufyrirkomulagið eftirfarandi:

1. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 8 vikur

2. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur

3. bekkur (LV)

Ein kennslustund á viku í 5 vikur

4. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 8 vikur

5. bekkur (LV))

Ein kennslustund á viku í 6 vikur

6. bekkur (LV)

Ein kennslustund á viku í 5 vikur.

7. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 6 vikur.

Auk ofangreindra tíma voru teknir frá tímar í tölvuveri fyrir hópa í stærðfræði og tungumálum. Þá unnu nemendur verkefni á *Mathletics stærðfræðivefnum* og öðrum náms og kennsluvefjum. Kennarar hafa látið vel að þessu fyrirkomulagi.

Ritþjálfari – vélritun

Nemendur í 3.-7. bekk fengu kennslu í vélritun. Kennt var á Ritþjálfara í Hofi 5 en þar eru tæki fyrir heilan bekk sem tengd eru við kennaratölvu. Kennt var í heilum bekkjum að 3. bekk undanskildum en þar var kennt í smærri hópum í tengslum við list- og verkgreinaskipulag. Nemendur í 7. bekk fóru ekki í Ritþjálfastofu. Þeir notuðu forritið *Ritfinn* og *Typing Master*. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám í vélritun þ.e. hver nemandi vinnur á sínum hraða og fær verkefni við hæfi. Í vetur tóku nemendur í 5.-6. bekk þrjú vélritunarpróf; í október, febrúar og maí. Kennarar skráðu umsagnir í *Námsframvindu Mentor*. Kennarar í 7. bekk gleymdu að leggja síðasta prófið fyrir nemendur og er því námsmati ábótavant í þessari grein hjá þeim árgangi.

Ákveðið hefur verið að leggja niður kennslu í vélritun á Ritþjálfara. Hofið sem notað var fyrir kennsluna mun að öllum líkindum verða fjarlægð á komandi skólaári til að rýma fyrir viðbyggingu. Kennsla í vélritun mun fara fram í tölvutímum.

Myndavélar og annar búnaður

Hver árgangur hefur myndavél til umráða. Auk þess eru nokkrar aðrar myndavélar til afnota fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Mikil áhersla er lögð á að kennarar taki myndir af skólastarfinu og miðli fréttum á vefinn. Kennsluráðgjafi heldur utan um myndavélaeignina og fylgihluti og aðstoðar nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi vélarnar og umsýslu með myndir. Á skólaárinu fjárfesti skólinn í „Smart Response“ kerfi. Kerfið er n.k. „kosningakerfi“ sem gerir m.a. kennaranum kleift að senda út spurningar og fá alla nemendur til að vera virka og svara. Kerfinu fylgja 32 fjarstýringar sem tengjast kennaratölvunni. Svör nemenda safnast saman í skrá og hægt er að birta niðurstöður jafn óðum í myndriti.

Samið hefur verið við *Varmás* um að yfirfara gagnvirkar töflur og rykhreinsa skjávarpa í skólanum fyrir komandi skólaár. Nauðsynlegt er að viðhaldi á töflunum og skjávörpunum sé sinnt reglulega til að ending tækjanna verði sem mest.

Samskipti heimila og skóla-Mentor

Mikil áhersla er lögð á öflug og góð samskipti heimila og skólans. Ýmsar leiðir eru notaðar til samskipta s.s. fundir með nemendum og foreldrum, símhringingar, tölvupóstur, vefur skólans og *Fjölskylduvefur Mentor.is*. Í vetur fólust skyldur kennarar í tengslum við *Mentor.is* og vef skólans í:

- skráningu á ástundun (fjarvist, veikindi, leyfi, seint)
- utanumhald og birting á einkunnum í verkefnabókum *Mentor*
- dagbókarskráningum
- heimavinnuáætlun í hverri viku (birt á *Fjölskylduvef*)
- tölvupóstsamskiptum (svara erindum og senda a.m.k. eitt bréf á viku til foreldra)
- einkunnaskráningu
- leiðsagnarmait fyrir foreldrasamtöl í október
- skráningu í *Námsframvindu*
- fréttaskrifum á vef skólans

Skólaritari er miðpunktur í ástundunarskráningu nemenda. Hann tekur við innhringingum og skráir veikindi og leyfi. Í vetur sendi ritari einnig reglulega út upplýsingar um ástundun til forráðamanna nemenda. Forráðamenn og nemendur hafa veflykil sem veitir þeim aðgang að upplýsingum þar sem þeir geta fylgst með ástundun og framvindu námsins. Foreldrar geta tilkynnt og skráð veikindi sjálfir inn á *Fjölskylduvef Mentor*.

Líkt og síðastliðin skólaár var farið fram á að nemendur með aðstoð foreldra sinna fylltu út *Leiðsagnarmat* fyrir foreldrasamtöl í október. Upplýsingarnar vistast í *Mentor* og eru aðgengilegar til upprifjunar og eftirfylgni.

Fleiri námsgreinum hefur verið bætt inn í *Námsframvindu Mentor* og á næsta skólaári mun þeim fjölga enn frekar. Í kjölfar fundar með *Mentor* í maí 2013 var ákveðið að bíða með frekari breytingar varðandi skráningar á gögnum í *Mentor* og sjá hvernig þróun kerfisins verður næsta skólar.

Vefur skólans


Í nóvember opnaði formlega nýr vefur Garðabæjar og grunnskóla bæjarins. Nýju vefirnir hafa samræmt útlit og uppbyggingu sem á að auðvelda notendum upplýsingaleit. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vef skólans. Vefurinn gegnir mjög mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun og því er lögð áhersla á að setja reglulega upplýsingar, nýjar fréttir og myndir af skólastarfinu á heimasíðuna.

Skólastjórnendur og kennarar hafa tekið virkan þátt í upplýsingamiðluninni með því að taka myndir og skrifa stuttar fréttir í tengslum við starf sitt með nemendum.

Markmiðið er að virkja og efla sem flesta til að koma að miðlun efnis á vef skólans. Ritari skólans hefur í vetur skráð viðburði í viðburðadagatal.

Fréttir, myndir og krækjusaefnið er alltaf vinsælt skoðunarefni. Dagleg innlit á heimasíðu skólans eru að meðaltali um 208. Í hverjum mánuði fáum við að meðaltali um 2250 notendur í heimsókn á vefinn. Umferð um vefinn hefur því aukist lítillega frá því í fyrra.

Fjöldi innlita á vef Hofsstæðaskóla á mánuði 2012-2013



Á myndritinu má sjá innlit (Sessions) á vef Hofsstæðaskóla skólaárið 2012-2013. Tekið af vef Modernus júní 2013.

Samskiptaverkefni

Skólinn hélt áfram þátttöku sinni í Comeniusarverkefninu *Regnbogatré* (Rainbow tree). Verkefnið stóð yfir í tvö ár en það var tileinkað umhverfismennt nemenda í yngri bekkjum grunnskóla, foreldrum þeirra og kennurum. Alls tóku 7 þjóðir þátt í verkefninu. Á árinu voru Tyrkland, Kýpur og Spánn heimsótt.

Verkefnastjórar verkefnisins voru: Anna Magnea Harðardóttir, Elísabet Benónýsdóttir og Ragnheiður Stephensen fram að áramótum. Í mars tókum við á móti 19 manna hópi erlendra gesta í tengslum við Regnbogatré verkefnið. Hópurinn dvaldi í fimm daga á landinu. Allir lögðust á eitt við að gera heimsóknina sem ánægjulegasta og var það samdóma álit gestanna að móttökurnar hefðu farið fram úr björtustu vonum. Þátttaka í samstarfsverkefni sem þessu og *eTwinning* gefur nemendum og starfsfólki skólans góða innsýn í nám og störf samstarfslandanna. Þau auka viðsýni, fjölbreytni í starfsháttum og gefa innsýn í menningu og líf annarra þjóða.



Fjölpjóðlegir fulltrúar í vinnusmiðju

Framtíðarsýn

Hvað skipulag kennslu varðar næsta vetur lítur út fyrir að hún verði með nokkuð svipuðu sniði. Haldið verðum áfram með kennslu í forritun fyrir 5. bekk. Umsjón með þeirri kennslu verður áfram í höndum *Skema*.

Á fundi með deildarstjóra tölvudeildar í lok maí var farið yfir stöðu tölvumála og væntingar. Eingöngu var litið til komandi skólaárs. Það liggur fyrir að þráðlaust net í skólanum verði endurnýjað í sumar líkt og hjá öðrum stofnunum bæjarins. Eins og áður kom fram þá voru sex nemendur um hverja tölvu skólaárið 2012-2013. Nemendum mun fjölga á komandi skólaári en tölvum verður ekki fjölgað. Í kjölfar fundar með Völu Dröfn, deildarstjóra tölvudeildar var ákveðið að halda fund með kennurum skólans og fara yfir væntingar þeirra og sýn varðandi tölvumálin. Á fundinum var kennurum kynnt staða tölvumála og þeim síðan skipt í hópa eftir árgöngum. Kennarar fengu það verkefni að fara yfir kennsluforrit með það í huga að einhver þeirra yrðu tekin út. Einnig voru þeir beðnir um að setja niður óskir sínar varðandi tölvumálin. Unnið var út frá nokkrum spurningum s.s. Vildu kennarar hafa borðtölvu í kennslustofunni, vildu þeir hafa fartölvuvagn (einn eða fleiri), vildu þeir tölvueyjar o.s.frv. Einnig var fjallað um spjaldtölvuvæðinguna.

Niðurstaðan varð sú að við óskuðum eftir því að skipta út borðtölvum fyrir annan fartölvuvagn vegna þess að enn þrengir að okkur og skólinn rúmar ekki lengur allar þær borðtölvur sem verið hafa í rekstri.

Fjórar tölvur sem settar voru upp á gangi efri hæð skólans í austurálm (fyrir framan hjá 7. bekk) voru mikið notaðar og var almenn ánægja með það fyrirkomulag. Hins vegar var framkvæmdin dýr og við gerum ráð fyrir að plássleysi í skólanum hindri að settar verði upp tölvur á gögnum víðar í skólanum. Fram kom þó hjá kennurum að margir þeirra mundu kjósa að hafa nokkrar 4-5 tölvur í eyju fyrir framan kennslustofur þar sem hægt væri að hafa nokkra nemendur við vinnu. Slík vinnuaðstaða eykur möguleika á vinnu lítilla hópa sem eru að vinna undir stjórn kennara í bekkjarstofum.

Á skólaárinu var fjárfest í einni *Apple* tölvu fyrir hljóð- og myndvinnslu og til að nýta í tengslum við spjaldtölvunar í skólanum. Sú tölvu hefur verið staðsett inni hjá kennsluráðgjafa. Brýnt er að koma upp góðri aðstöðu til hljóð- og myndvinnslu í skólanum og fjölga tölvum til þeirrar vinnslu.

Sérstök aðstaða til hljóð- og myndbandavinnslu er engin í skólanum í dag. Nemendur sýna slíkum miðlum mikinn áhuga og er hann orðinn hluti af þeirra veruleika.

Kennarar hafa mikinn áhuga á því að nýta spjaldtölvur í kennslunni og vilja að haldið verði áfram á sömu braut og spjaldtölvum fjölgað.

Eitt af mikilvægum forgagnsverkefnum er einnig að ljúka við að hljóð- og myndvæða allar kennslustofur í skólanum.

Elísabet Benónýsdóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni

5. TÓMSTUNDAHEIMILI

Regnboginn starfar í hjartarými í kjallara Hofsstæðaskóla og tekur við nemendum úr 1. – 4. bekk á hverjum degi að loknum skóla.

Nýr umsjónarmaður kemur til starfa

Þórgnýr Thoroddsen kom formlega til starfa þann 15. ágúst 2012. Hann var settur inn í starfið af Grétu, fráfaramandi umsjónarmanni tómstundaheimilisins. Þá tók við vinna við skrá inn þau börn sem skráð voru í vistun.




Helstu vandkvæði

Helstu vandkvæði í upphafi árs var starfsmannapurð, samsetning starfsmannahóps og reynsluleysi umsjónarmanns.

Hluti starfsmanna frá síðasta vetri hélt áfram og hefur skapast nokkur stöðugleiki í starfsmannahaldi. Nokkrir starfsmanna stunda sömu íþróttagrein og voru mikið fjarverandi vegna æfingaferða og keppni. Næsta vetur þarf að huga að því að þetta endurtaki sig ekki og að fjölbreyttari hópur starfi í Regnboganum og að fjöldi starfsmanna hverfi burt ekki á álagstímum.

Nýr umsjónarmaður þurfti að setja sig inn í heilmarga hluti og breytti ýmsu eins og gengur. Vinna hans fyrripart vetrar einkenndist af þeim sökum af því að koma skikki á vinnuskipulag í Regnboganum.



Fjöldatölur yfir árið

Á myndinni hér að ofan má sjá samkeyrðar tölur yfir þróun fjölda barna og útsendra reikninga vegna heildartímafjölda. Óbein fylgni skýrist af því að aðrar breytingar en úr- eða innskráningar fólust allajafna í því að tímum einstakra barna var fjölgað fremur en hitt.

Í upphafi árs voru um 145 börn skráð í Regnbogann en fjöldi barnanna breyttist mjög fljótt og fyrstu vikurnar flókti það upp og niður á meðan börnin voru að finna sína rútínu, velja sér tómstundir og kjósa sér dagskipulag.

Innra starf

Nokkrar lítilvægar breytingar urðu á innra starfinu þegar nýr umsjónarmaður tók við störfum.

Listinn

Vegna fjölda barna og breytileika í vistunartíma þurfti að bæta innskráningarlistann töluvert. Listinn var þróaður og prufukeyrður í samstarfi við starfsfólk og tóks með umræðu og ábendingum að lokum að búa til lista sem allir voru ánægðir með.

Klúbbastarf

Takmörkuðu en þó virku klúbbastarfi var komið á. Til að byrja með voru þeir settir á myndavegginn svo börnin gætu skráð sig þar, en þar sem skráningar almennt gengu ekki vel þá voru þeir gerðir óformlegri. Reglulegir klúbbar voru m.a. borðspilaklúbbur og tölvuklúbbur. Annað klúbbastarf kom óreglulega inn, s.s. dansleikir á sal, Eurovisionklúbbur og annað tilfallandi. Einnig var settur tímabundið á fót stelpuklúbbur fyrir 3. og 4. bekk.

Keypt voru fjölmörg spil í upphafi árs sem verða að teljast frábær kaup sem nýttust vel.

Frístundatilboð

Til að vega upp á móti takmörkuðu klúbbastarfi þá var leitast eftir frístundatilboðum frá ýmsum aðilum. Ýmis námskeið fóru þannig fram innan veggja skólans. Dansnámskeið, leiklistarnámskeið, golfnámskeið, skáknámskeið og tæknilegónámskeið. Flest fóru námskeiðin vel fram þó mismikil þátttaka setti stundum strik í reikninginn.



Skipulag rýmis


Einvörðungu minniháttar breytingar voru gerðar á skipulagi rýmisins yfir veturinn. Helstu breytingar voru þær að í kubbakrók var allt tekið út nema Legó og Kapplakubbar.

Öryggismál

Í upphafi skólaárs voru foreldrar beðnir um að hringja ekki á starfstíma frístundaheimilisins til að koma skilaboðum á framfæri heldur senda smáskilaboð eða tölvupóst. Það mætti almennt skilningi. Þegar leið á veturinn fékkst leyfi til að fjárfesta í snjallsíma þar sem hægt var á hlutfallslega auðveldan máta að hlaða tengiliðagögnum af *Mentor* inn á snjallsíma með *Android* stýrikerfi. Með því móti mátti alltaf sjá hvort númer sem hringdi eftir barni væri að hringja úr númeri tengdu barninu. Þetta sparaði mikla vinnu og jók öryggi til muna.

Skipulags- og frídagar skólans

Ágætis þátttaka var á skipulags- og frídögum í vetur. Á eftirfarandi mynd má sjá dreifinguna. Athugið að frítímabilin eru talin saman, en tveir stakir dagar voru 28. september og 26. apríl sem passa því beinlínis ekki inn í línuritið. Áberandi mest aðsókn var í október, en hana má vafalaust skýra með því hversu langt fríið var og því að sett var upp metnaðarfull áætlun fyrir heilu dagana. Foreldrar voru almennt mjög ánægðir með að sett var upp dagskrá þar sem krakkarnir fóru í dagsferðir.



Dagskráin var fjölbreytt á skipulags- og frídögum. Farið var á sinfóníutónleika í Hörpunni, í bíó, á kaffihús, í fimleikasal Stjörnunnar, í húsdýragarðinn, á Ylströndina í Nauthólsvík og ýmislegt fleira.

Helstu vandkvæði

Þessir dagar eru auðvitað mjög langir og því þarf að gera miklar kröfur til dagskrár. Einnig þarf að tryggja nægan fjölda starfsmanna fyrir hádegi þar sem fastastarfsmenn eru ekki alltaf á lausu utan hefðbundins starfstíma. Enn fremur gætti nokkurrar óánægju meðal starfsmanna þegar fréttist að á öðrum frístundaheimilum í Garðabæ fengi fólk frí því aðsókn væri lítil og jafnvel lokað þar. Það mál er vert að skoða betur.



Vankantar í starfsumhverfi

Nokkrir vankantar eru á starfsumhverfi Regnbogans sem vert er að minnast á.



Frístundaáætlanir

Æfingatímar Stjörnunnar, og þar af leiðandi komutímar *Frístundabílsins*, taka mjög af starfinu. Ef ekki væru stanslausar „útsendingar“ á hálf tíma fresti allan daginn þá væri mun auðveldara að skipuleggja stöku dagsferð á tíma tómstundaheimilisins. Það kæmi afskaplega vel út ef möguleiki væri á því að börn sem fara á æfingar færu í tveimur hópum, annað strax að loknum skóla og hitt á tíma tómstundaheimilisins.

Síðdegishressing skólamats

Tækifæri eru til að bæta matseðil fyrir síðdegishressingu *Skólamatar* á komandi ári. Sóst verður eftir því að hafa einhver áhrif á hvað boðið verður upp á til að auka fjölbreytni og gæði þjónustunnar.

Þróun / Framtíðarsýn

Eftirfarandi þættir munu taka stakkaskiptum á komandi starfsári.

Skipulag rýmis

Hluti herbergjanna í Regnboganum verða tóm og allt dót geymt í geymslu og á hverjum degi verður síðan valið í herbergin af starfsmönnum þannig að það verði meiri hringrás á dagskrá og klúbbastarf gert auðveldara.

Enn fremur er hugmyndin sú að með þessu fyrirkomulagi þá muni starfsmönnum verða skipt niður á svæðin og þeir beri aukna ábyrgð á dagskrárframboði, umgengni og frágangi á hverju svæði fyrir sig.



Klúbbastarf

Með því að opna rýmin fyrir mismunandi starfsemi frekar en bundnum hlutverkum er auðveldara að gera hversdagslega hluti meira spennandi og að einskonar klúbbastarfi. Hinn lykillinn að góðu klúbbastarfi er að ráða inn fjölbreyttan starfsmannahóp og bjóða þeim upp á skipulagðan undirbúningstíma til að vinna klúbbastarf.

Framtíðin bíður ekki

Á komandi ári verður unnið að metnaðarfullum en hóflegum markmiðum. Bónusstig verða veitt fyrir allan umframmetnað.

Þórgnýr Thoroddsen
umsjónarmaður Regnbogans